




Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Sjálfsmatsskýrsla Fjölbrautaskólans í Garðabæ



Skýrsla um

Sjálfsmat FG

2010 - 2011

Unnin haustið 2011

af Elísabetu Siemsen aðstoðarskólameistara

-rafræn útgáfa-

Efnisyfirlit:

1.	INNGANGUR	4
2.	MAT Á SKÓLASTARFI	5
3.	MARKMIÐ	7
4.	SJÁLFSMATSÁÆTLUN 2010 - 2011	8
5.	NÝ SKÓLANÁMSKRÁ	10
6.	YFIRLIT SJÁLFSMATS	11
7.	DEILIMARKMIÐ OG FRAMKVÆMDAÁÆTLUN	15
8.	SKÓLANÁMSKRÁ FG	17
9.	INNRA MAT - GÆÐAVINNA	18
9.1.	Áætlanir	18
9.2.	Námsárangur - einkunnadreifing	18
9.3.	Úttekt á námsgrein - viðskiptagreinar	26
9.4.	Heimsókn í kennslustundir	29
9.5.	Kennslukannanir meðal nemenda	30
9.6.	Viðhorf nemenda	32
9.7.	Starfsmannasamtöl	33
9.8.	Líðan starfsmanna	33
9.9.	Forvarnir	34
9.10.	Próf og prófagerð	34
9.11.	Kennsluáætlanir	34
9.12.	Námsnetið	34
9.13.	Endurmenntun kennara	35
9.14.	Umsjónarkerfið	35
9.15.	Námsráðgjöf	35
9.16.	Samskipti við forráðamenn og heimili - könnun	36
9.17.	Skýrslur kennslustjóra	36
10.	LOKAORÐ	37

1. INNGANGUR

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ var formlega stofnaður 1. ágúst 1984 með sérstökum samningi er gerður var á milli menntamálaráðuneytisins og bæjarstjórnar Garðabæjar. Í samningi þessum er kveðið á um fyrirkomulag skólahalds og hljóðar 1. grein svo: „Í Garðabæ skal starfa skóli fyrir nemendur á framhaldsskólastigi er sjái um allt nám þar að loknum grunnskóla. Skólinn skal taka við framhaldsnámi sem verið hefur við Garðaskóla". Árið 1978 voru stofnaðar framhaldsdeildir við Garðaskóla og nefndar Fjölbrautir Garðaskóla. Nemendur gátu lokið þar tveggja ára námi en urðu síðan að leita til annarra skóla. Framhaldsdeildunum óx fiskur um hrygg og vorið 1982 útskrifuðust fyrstu stúdentarnir frá Fjölbrautum Garðaskóla með hjálp Flensborgarskóla.

Skólinn er nú til húsa að Skólabraut 6. Hinn 19. nóvember 1993 var undirritaður samningur milli ríkisins annars vegar og sveitarstjórna Garðabæjar og Bessastaðahrepps hins vegar um byggingu á nýju skólahúsi við Bæjarbraut í Garðabæ. Flutt var inn í nýja og glæsilega byggingu í september 1997. Búið er að undirrita samning um stækkun skólabyggingarinnar en vegna efnahagsvandans 2008 hefur slíkum áformum verið frestað.

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ er áfangaskóli sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla. Þar er kveðið á um almenn markmið og hlutverk framhaldsskóla á Íslandi, þ.e. að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðissamfélagi og veita þeim alhliða menntun sem nýtist bæði í starfi og tómstundum. Auk þessara almennu markmiða leitast Fjölbrautaskólinn í Garðabæ við að vera virkt afl í menningarlífi síns umdæmis, Garðabæjar og Bessastaðahrepps.

Starfsemi Fjölbrautaskólans í Garðabæ er mótuð í samræmi við stefnuskrá skólans. Hún er birt á heimasíðu skólans, www.fg.is/skolinn/stefnuskra. Stefnuskrá Fjölbrautaskólans í Garðabæ er tekin til endurskoðunar með reglulegu millibili. Síðast var stefnuskráin yfirfarin í maí 2011. Endurskoðun stefnuskrárinnar er í höndum samráðsfundar stjórnenda, kennarafundar, skólaráðs og skólanefndar.

Hluti stefnuskrárinnar er framkvæmdaáætlun með deilimarkmiðum þar sem tilgreint er hvenær ákveðnum atriðum er hrint í framkvæmd til þess að fylgja settum markmiðum. Framkvæmdaáætlunin er samin í byrjun hvers skólaárs. Hún er yfirfarin mánaðarlega og þá er athugað hvernig gengið hefur að ná settum markmiðum. Framkvæmdaáætlunina má sjá á heimasíðu skólans, www.fg.is/framkvæmdaáætlun

Frá stofnun skólans hefur markvisst verið unnið að gæðamálum. Skólinn naut þess strax á upphafsárum sínum að hafa framsýna stjórnendur og starfsmenn sem áttuðu sig á mikilvægi þess að allir væru meðvitaðir um styrkleika og veikleika skólans og fengju tækifæri til að móta skólastarfið. Segja má að þar hafi upphaf þess sjálfsmats verið sem nú hefur verið fest í lög og kveðið er á um í skólasamningi skólans og mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Mikið er til af gögnum um þetta rúmlega tveggja áratuga gæðastarf. Skólaárið 2001-2002 var skipulega hafist handa við gagnasöfnun, gagnert vegna sjálfsmatsins, um hvaðeina sem varðar skólastarfið og hefur þessari gagnasöfnun verið haldið áfram síðan. Starfsmenn hafa á margvíslegan hátt komið að þessari vinnu, m.a. með því að vinna í gæðahópum, nefndum og ráðum að eflingu skólastarfsins. Í skólanum eru gerðar

margvíslegar kannanir meðal nemenda og starfsmanna þar sem spurt er um ýmislegt sem varðar kennsluna, líðan nemenda, stjórnunarhætti í skólanum og hugmyndafræði hans, aðbúnað nemenda og starfsmanna, álit nemenda og kennara á námsáföngum sem kenndir eru, árangur skólastarfsins svo og traust og ánægju hagsmunaaðila. Heildarniðurstöður allmargra þessara kannana hafa birst í sjálfsmatsskýrslum fyrri ára og einnig nú. Sjálfsmatsskýrslur hafa verið gefnar út og settar á heimasíðuna.

Skýrt skal tekið fram að í þessari sjálfsmatsskýrslu eru aðeins helstu niðurstöður sem fram komu við úrvinnslu þeirra gagna sem sjálfsmatið tekur til.

2. MAT Á SKÓLASTARFI

Mati á skólastarfi er yfirleitt skipt í innra og ytra mat. Með innra mati er átt við sjálfsmat stofnunar, unnið af starfsmönnum hennar og ýmsum öðrum sem tengjast starfsemi. Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi stofnunar sem unnin er af utanaðkomandi aðilum.

Í 23. gr. VIII. kafla laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla er ákvæði um mat á skólastarfi. Þar er megináhersla lögð á sjálfsmat skóla. Mennta- og menningarmálaráðuneytið sér um að fram fari ytra mat á starfsemi einstakra skóla eða á einstökum þáttum skólastarfs og einnig að úttekt sé gerð á sjálfsmatsaðferðum skóla.

Sjálfsmat

Sjálfsmat er ein leið til þess að miðla þekkingu og upplýsingum um skólastarf. Sjálfsmat skóla er markmiðstengt og á að draga fram sterkar og veikar hliðar skólans. Megintilgangur þess er að gera starfsfólki skóla auðveldara að vinna að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum. Þetta á jafnt við um markmið og áherslur í lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og þau markmið sem skólarnir hafa sett fram í skólanámskrám. Um leið skapar sjálfsmat faglegan grundvöll fyrir umbætur.

Með sjálfsmati fer fram víðtæk gagnaöflun um skólastarfið sem veitir upplýsingar um í hve miklum mæli árangur skólastarfsins er í samræmi við markmið. Sjálfsmat er ekki unnið í eitt skipti fyrir öll heldur þarf það stöðugt að vera í gangi. Það er langtímamiðað en ekki einangruð aðgerð. Í sjálfsmatsskýrslu skóla þarf m.a. að vera ítarleg lýsing og greining á markmiðum og starfi skólans. Jafnframt er mikilvægt að í sjálfsmatsskýrslu skóla komi fram tillögur um úrbætur.

Í lögum um framhaldsskóla eru skýr ákvæði um að skólar skuli innleiða sjálfsmat í þeim tilgangi að leggja mat á starfsemi sína. Samkvæmt lögnum er skólum í sjálfsvald sett hvaða aðferðum þeir beita við sjálfsmatið. Í lögnum eru einnig ákvæði um að á fimm ára fresti skuli fara fram úttekt á þeim sjálfsmatsaðferðum sem skólar nota. Sjálfsmatsskýrsla FG er birt á heimasíðu skólans (www.fg.is).

Viðmið fyrir sjálfsmat

Þau atriði sem mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur til grundvallar sem viðmið fyrir sjálfsmatsaðferðir eru eftirfarandi:

Formlegt. Lýsing á aðferðum við sjálfsmat þarf að liggja fyrir í sjálfsmatsskýrslu, skólanámskrá og hugsanlega í fleiri skriflegum gögnum frá skólanum. Fram þarf að koma hvort um er að ræða viðurkennda sjálfsmatsaðferð eða samsetta og aðlagða aðferð. Gera þarf grein fyrir hvornig að

sjálfsmatinu er staðið í heild. Í lýsingunni þarf að koma fram hverjir stjórna verkinu, hverjir vinna það og til hverra það nær.

Altækt. Sjálfsmatið skal ná til allra helstu þátta skólastarfsins, þ.e. markmiða, stjórnunar, náms, kennslu, námsmats, nemenda, starfsfólks, aðbúnaðar og ytri tengsla. Ekki er þó gert ráð fyrir að skólar geti tekið jafn ítarlega á öllum þáttum á hverju ári.

Áreiðanlegt. Mikilvægt er að sjálfsmatið byggi á traustum gögnum og áreiðanlegum mælingum. Gögn úr bókhaldi skólans, t.d. námsferilsskrá og fjarvistaskrá, þurfa að vera tiltæk. Skólar geta þó ekki í öllum tilvikum byggt á tölulegum gögnum en þurfa þá að meta starf sitt með öðrum hætti, eins og með viðhorfakönnunum meðal ólíkra hópa s.s. nemenda, starfsfólks, foreldra, viðtökuskóla, almennings, atvinnulífs og brautskráðra nemenda.

Samstarfsmiðað. Allt starfsfólk þarf með einum eða öðrum hætti að koma að vinnu við sjálfsmatið. Við skipulagningu og undirbúning sjálfsmatsins þarf að kynna öllum starfsmönnum umfang verkefnisins. Jafnframt þarf að nást sátt um framkvæmd þess. Verkaskipting þarf að vera skýr og sömuleiðis stjórnun og ábyrgð. Á þessu stigi þarf að hafa í huga þátttöku nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila í sjálfsmatinu.

Umbótamiðað. Í sjálfsmatsskýrslu þarf að birta aðgerða- og starfsáætlun um þær umbætur í skólastarfinu sem vinna þarf að í kjölfar sjálfsmats. Einnig þarf að birta upplýsingar um hvernig markmiðum umbótaáætlunar verði náð. Viðmið um hvað bættur árangur felur í sér þurfa að vera skilgreind.

Árangursmiðað. Skólinn skal vinna að því að meta hvort markmiðum skólans hafi verið náð og hvaða árangri skólastarfið hefur skilað út frá viðmiðum sem hann hefur sett sér. Þetta geta t.d. verið viðmið um námsárangur, vellíðan, umgengni, fjarvistir og brottfall.

Stofnana- og einstaklingsmiðað. Sjálfsmatið þarf að beinast bæði að stofnuninni sjálfri og einstaklingum innan hennar. Sem dæmi um þetta má nefna mat á frammistöðu skólans í marktækum samanburði við aðra, t.d. í mælanlegum virðisauka í námsmati og í mati á stjórnun og kennslu.

Lýsandj. Í sjálfsmatsskýrslu þarf að vera stutt hnitmiðuð lýsing (texti, myndir, töflur) á starfsemi skólans. Lýsingin þarf að hafa tengsl við markmiðssetningu.

Greinandi. Í sjálfsmatsskýrslu þarf að birta styrk- og veikleikagreiningu sem sett er fram kerfisbundið við hvern þátt matsins og birt í samantekt í lokin.

Opinbert. Fyrirfram þarf að ákveða hverjir hafa aðgang að tilteknum þáttum sjálfsmatsins en sjálfsmatsskýrslu þarf að birta opinberlega. Hér þarf að tryggja að haldin séu í heiðri ákvæði gildandi laga, m.a. um meðferð persónuupplýsinga.

Ytra mat

Úttektir á sjálfsmatsaðferðum

Úttektir á sjálfsmatsaðferðum skóla byggjast m.a. á mati á sjálfsmatsskýrslu viðkomandi skóla, heimsókn í skólann og viðtölum við stjórnendur og fulltrúa starfsmanna og nemenda. Til að fá sem skýrasta mynd af sjálfsmatsferlinu þurfa úttektaraðilar að kynna sér hvaða gögn skólinn hefur lagt til grundvallar sjálfsmatinu, úrvinnslu þeirra gagna og þær aðferðir sem skólinn hefur notað við sjálfsmatið. Sem dæmi um gögn skóla má nefna upplýsingar um nýtingu tíma, árangur á prófum, foreldrasamstarf og menntun og endurmenntun starfsmanna.

Hluti upplýsingaöflunar getur falist í viðhorfakönnunum. Þau viðmið fyrir vinnu við sjálfsmat sem fjallað er um hér að framan liggja einnig til grundvallar úttektum á sjálfsmatsaðferðum.

Niðurstöður úttektanna frá 2007-2008 sýna að Fjölbrautaskólinn í Garðabæ hafði fullnægjandi sjálfsmatsaðferðir.

Úttektir á skólastarfi

Sem hluti af almennri eftirlitsskyldu mennta- og menningarmálaráðuneytisins getur það látið fara fram úttektir á skólastarfi. Slíkar úttektir geta tekið til ákveðinna þátta í skólastarfi, t.d. úttektir á kennslu í ákveðinni námsgrein en geta einnig falið í sér heildarmat á starfi einstakra skóla.

Megintilgangur ytra mats á skólum er að fá heildarmynd af skólastarfinu eða einstökum þáttum þess eins og það er á hverjum tíma. Sjónum er beint að ýmsum þáttum í innra starfi skólanna, svo sem stjórnun, kennslu, þróunarstarfi, endurmenntun starfsmanna, samstarfi og samskiptum í skólanum, námsárangri og tengslum skólans við samfélagið. Á vorönn 2011 lét mennta- og menningarmálaráðuneytið gera úttekt á íslenskukennslu í átta framhaldsskólum og var Fjölbrautaskólinn í Garðabæ einn þeirra. Skýrsla hefur ekki verið gefin út en bundnar eru vonir við að hún bregði ljósi á stöðu námsgreinarinnar.

3. MARKMIÐ

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ er áfangaskóli sem býður upp á fjölbreytt nám á framhaldsskólastigi sem getur þjónað ólíkum þörfum ungs fólks. Boðið er upp á eftirtaldar bóknámsbrautir til stúdentsprófs: félagsfræðabraut, málabraut, náttúrufræðibraut, viðskipta- og hagfræðibraut. 3ja ára listnámsbrautir með eftirfarandi kjörsviðum: leiklist, myndlist, textílgreinar svo og kjörsvið í tónlist í samvinnu við tónlistarskóla. Auk ofantaldra brauta er boðið upp á nám á styttri brautum: íþróttabraut og almennri braut. Öflug starfsbraut er starfandi við skólann. Það er markmið skólans að bjóða nemendum upp á bestu þjónustu sem völ er á og fyrsta flokks nám óháð getu hvers og eins. Markmiðum sínum hyggst skólinn ná með öflugum, velmenntuðum og samstíga kennarahópi, jákvæðu starfsfólki og nemendum sem kosið hafa að stunda hér nám. Samkvæmt talningu skólans voru 793 ársnemendur á haustönn 2010 og 755 á vorönn 2011.

4. SJÁLFSMATSÁÆTLUN VETURINN 2010 – 2011

Á skólaárinu 2010-2011 verður sjálfsmatið sem fyrr fastur hluti skólstarfsins. Allmargir matsþættir hafa skapað sér fastan sess, eru ýmist metnir árlega eða einu sinni á önn. Enn aðrir eru í stöðugu matsferli enda beina þeir sjónum sínum að þáttum eins og líðan starfsmanna, öryggi á vinnustað og forvarnamálum. Eins og fram kemur í töflunni sem hér fer á eftir eru matsþættir ólíkir, nálgun mats er ýmist meðal nemenda, starfsmanna eða kennslustjóra og annarra stjórnenda. Til alllungs tíma hafa starfað gæðahópar sem hafa tekið fyrir ýmis þörf málefni sem brenna á stórri stofnun. Þeir hafa líka sumir hverjir haft á sinni könnu ákveðna matsþætti s.s.eins og athugun á líðan starfsmanna, kennslukönnun o.fl. Á síðasta ári var starfsemi gæðahópanna með minna móti, enda mikill tími sem fór í endurskoðun námskrár. Gera má ráð fyrir að a.m.k. einhverjir gæðahópanna muni eflast á skólaárinu.

Helstu matsþættir:

- **Námsárangur.** Einkunnir hvers áfanga eru skoðaðar m.t.t.einkunnayfirlits síðustu anna. Kennslustjórar skoða niðurstöður úr sínum deildum ásamt kennurum áfanga hverju sinni. Niðurstöður ræddar á fagfundum í deildum. Heildarniðurstöður námsárangurs koma m.a. fram í ræðu skólameistara við skólaslit. Allir nemendur skólans eru hér skoðaðir.
- **Kennslukönnun – mat á kennslu.** Á hverri önn er lögð fyrir nemendur rafræn könnun um námsefni, kennsluhætti, undirbúning kennara og almennt mat þeirra á hverjum þeim áfanga sem þeir eru skráðir í. Framkvæmd kannananna og endurskoðun spurningalistans er í höndum gæðahóps. Niðurstöður könnunarinnar verða í höndum skólameistara og aðstoðarskólameistara og gefst öllum kennurum kostur á að fara í viðtal til þeirra um niðurstöðurnar.
- **Viðhorf nemenda.** Á hverri önn eru haldnir opnir fundir á sal skólans fyrir alla nemendur. Þar sitja stjórnendur skólans og stjórn nemendafélagsins fyrir svörum og nemendum gefst kostur á að koma með tillögur til úrbóta og nýjar hugmyndir. Slíkir fundir hafa verið haldnir í allmörg ár og margar nýjungar í skólstarfinu hafa byggt á hugmyndum frá þessum fundum.
- **Starfsmannasamtöl.** Á vorönn er gert ráð fyrir starfsmannasamtölum. Markmið þeirra er að athuga líðan starfsmanna og farið í gegnum nýjar hugmyndir og tillögur sem bæta skólastarfið. Samtöl eru skipulögð eftir skipuriti skólans, þ.e. yfirmenn ræða við undirmenn. Samtölin eru boðuð fyrirfram og uppbygging er á sérstökum blöðum sem dreift er áður. Úrvinnsla er í höndum skólameistara, aðstoðarskólameistara og kennslustjóra eftir því sem við á. Skólameistari kynnir helstu niðurstöður og setur fram hugmyndir að úrbótum ef þess þarf.
- **Líðan starfsmanna.** Auk starfsmannasamtalanna hefur sérstakur gæðahópur það á sínum verkefnalista að vera vakandi yfir ýmsum þáttum sem varða velferð og líðan starfsmanna. Ýmsar skoðanakannanir hafa verið gerðar hvað þetta varðar undanfarin ár. Þegar slíkar kannanir hafa verið gerðar kynnir gæðahópurinn helstu niðurstöður og setur fram hugmyndir að úrbótum ef þess þarf.
- **Öryggi á vinnustað.** Sérstök öryggisnefnd starfar við skólann sem starfar eftir lögum um slíkar nefndir. Helstu verkefni hennar er að vera vakandi yfir öryggi og hollustuháttum á vinnustað. Nefndin kallar til utanaðkomandi sérfræðinga eftir því sem við á. Ef einhverjum þáttum er

ábótavant koma tillögur frá Öryggisnefnd um úrbætur, framkvæmd er síðan í höndum skólameistara.

- **Forvarnamál.** Forvarnafulltrúi ásamt forvarnateymi stýrir forvarnamálum í víðasta skilningi þess orðs. Viðvera á dansleikjum og öðrum viðburðum sem haldnir eru í nafni skólans ásamt skipulagning sérstakra viðburða í nafni forvarna eru helstu verkefni.
- **Próf og prófagerð.** Unnið er eftir verkferlum sem tryggja eiga aukin gæði. Fleiri koma að verkinu, þegar próf er tilbúið til ljósritunar hefur það farið í gegnum samningu, faglegan yfirlestur og íslenskulestur. Með þessum verkferlum er auðveldara að grípa inn í og lagfæra próf áður en til próftöku kemur. Sami háttur er hafður á vinnunni í lok hvernar annar.
- **Kennsluáætlanir.** Í fyrstu kennsluviku hvernar annar eiga allar kennsluáætlanir að vera tilbúnar. Þær eru settar á heimasíðu skólans og á námsnetið. Samræmi er í uppsetningu og þess gætt að allar nauðsynlegar upplýsingar komi fram á kennsluáætluninni.
- **Umsjónarkerfi / ástundun nemenda.** Umsjónarkennarar hafa víðtækt hlutverk sem við höfum verið að þróa síðustu ár. Nemendur mæta í umsjónartíma þar sem m.a. er unnin námsáætlun og allar orðsendingar til nemenda eiga greiða leið í gegnum þessa tíma. Fylgst er með ástundun og mætingu, farið í gegnum miðannarmat og fleira sem skiptir máli í vinnu nemenda í skólanum.
- **Úttekt á einstökum námsgreinum.** Stefnt er að taka út eina til tvær námsgreinar á vorönn 2011 m.t.t. heildarmynd áfanga. Skoðaðir verða m.a. kennsluhættir, undirbúningur, árangur nemenda, menntun og undirbúningur kennara, styrkleikar og veikleikar. Um leið er þetta frábært tækifæri fyrir stjórnendur að kynnast vel innviðum einnar (eða tveggja) námsgreina hverju sinni og vera betur í stakk búnir til að sjá heildarmyndina.

Eins og fram kemur í sjálfsmatsáætluninni var gert ráð fyrir að undirbúningur innleiðingar nýrrar námskrár og breytingar því samfara verði viðamiklar á skólaárinu. Svo reyndist og vera eins og fram kemur síðar í þessari skýrslu. Gæðahóparnir voru því ekki starfandi skólaárið 2010-2011 með sama hætti og áður hafði verið þó svo allmörg verkefni þeirra hafi verið unnin með öðrum hætti að þessu sinni. Mikill vilji er til þess að endurvefja starf gæðahópanna þegar hinu viðamikla starfi við nýja námskrá lýkur en þó með öðrum hætti en áður. Enda mikilvægt að festast ekki í ákveðnum farvegi heldur ætíð leitað nýrra leiða til að skoða skólastarfið með það að markmiði að bæta það.

5. NÝ SKÓLANÁMSKRÁ

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ undirritaði 27. ágúst 2009 samning við mennta- og menningarmálaráðuneytið vegna verkefnisins: Námskrárgerð og almenn þróun í námi og kennsluháttum í tengslum við innleiðingu nýrra framhaldsskólalaga. Til verkefnisins hlaut skólinn styrk og hefur nú sent inn lokaskýrslu vegna verkefnisins. Samkvæmt tímaáætlun er gert ráð fyrir að skólinn taki upp nýja námskrá haustið 2011.

1. ágúst 2010 var ráðinn sérstakur verkefnastjóri, eitt af verkefnum hans er að vinna að nýrri námskrá. Þegar hann kom að starfinu hafði ýmislegt breyst frá upphafi ferilsins, búið var að fresta innleiðingu nýrra laga til hausts 2015. Eftir allmiklar umræður um framhald verkefnisins var niðurstaðan sú að rétt væri að halda áfram. Við myndum hafa hér fjögurra ára skóla til stúdentsprófs með tveggja ára brautum og almennri braut. Einnig var ákveðið að nota áfram gömlu einingarnar. Þar sem þetta var breyting frá upprunalegri áætlun, sem gerði ráð fyrir þriggja ára námi til stúdentsprófs og nýjum framhaldsskólaeiningum, varð að setjast aftur yfir brautirnar. Ný áætlun var gerð en markið er sem fyrr sett á að hefja kennslu samkvæmt nýrri námskrá haustið 2011.

Ljóst er að þessi mikla vinna sem unnin var í deildunum hafði þau áhrif að fyrirhuguðum starfsmannaviðtölum, sem fram áttu að fara í apríl samkvæmt sjálfsmatsáætluninni, var frestað. Ekki var hægt að leggja meiri vinnu á kennslustjóra.



6. YFIRLIT SJÁLFSMATS

Á eftirfarandi töflu er yfirlit sjálfsmats Fjölbrautaskólans í Garðabæ. Eins og sjá má af yfirlitinu er sjálfsmatið mjög fjölbreytt og kemur inn á mörg svið starfseminnar. Í yfirlitinu eru skilgreindir allir helstu þættir sjálfsmatsins, þó er ekki sett inn það mikla starf sem unnið er í deildum í tengslum við endurskoðun námskrár. Þessi verkefni eiga þó mörg hér heima. Að fara í gegnum námskrárbreytingar kallar á mikla naflaskoðun í hverri deild fyrir sig, skoða þarf allt það starf sem unnið hefur verið í námsgreininni, námsrángur nemenda þarf að hafa til hliðsjónar og ekki síst þarf sýnin á framtíðina að vera skýr.

Ljóst er að þær rannsóknaraðferðir sem notaðar eru hverju sinni ráðast af verkefnum og byggjast þær á mörgum mismunandi viðurkenndum sjálfsmatsaðferðum sem margar hverjar hafa verið aðlagðar að þeim markmiðum sem eru hverju sinni. Aðferðirnar eru í stöðugri mótun og miða að því að styrkja starfsmenn skólans til þess að verða betur færir um að framkvæma sjálfsmat. Megináhersla er á að starfsmennirnir fái tækifæri til þess að móta aðferðir við matið sem gefi góða mynd af því sem gert er um leið og það nýtist þeim við að bæta starfið jafnt og þétt. Slík aðferð kallast valdeflingarleið (empowerment evaluation). Hefð er fyrir lýðræðislegum vinnubrögðum við ákvarðanatöku í skólastarfinu og áhersla er lögð á að starfsmenn séu virkir þátttakendur í mótun stofnunarinnar og þá um leið í matinu (deiberate democratic evaluation). Spurningalistinn sem lagður er fyrir nemendur í viðhorfskönnun á hverri önn hefur þróast yfir langan tíma, mjög margir hafa komið að gerð spurninganna og leitað hefur verið til fagaðila um hönnun slíkra spurningalista. Allt ferlið er í anda leiðsagnarmats (formative evaluation) þar sem matsferlið og niðurstöður eru nýttar til þess að bæta starfið jafnt og þétt. Spurningar eru bæði lokaðar og opnar þar sem nemendur geta sagt skoðun sína með eigin orðum á fyrirkomulagi áfanga, kennsluáætlunum sem beitt er og öðrum þáttum sem þeir telja mikilvæga. Athugasemdir nemenda eru síðan ræddar við kennarann sérstaklega þegar skólameistari fundar með honum.

Skólaárið 2010-2011 var annars vegar lögð áhersla á að viðhalda þeim matsþáttum sem eru þungamiðjan í innra mati skólans, eins og t.d. kennslukannanir, skoðun námsrángurs, líðan starfsmanna, mat á forvörnum, próf og prófagerð, kennsluáætlanir o.fl. Auk þess var í fyrsta skipti sérstök úttekt á einni námsgrein/námsbraut, nánar um það síðar. Hins vegar var mikil áhersla lögð á vinnu við nýja námskrá eins og áður sagði enda stuttur tími til stefnu ef takast á að hefja kennslu eftir nýrri námskrá haustið 2012. Óneitanlega litaði námskrárvinnan allt innra starf skólans, þar með talið sjálfsmatið, en það getur verið skynsamlegt að breyta um áherslur, gefa ákveðnum verkefnum hlé og geta þá skoðað þá næst í ákveðinni fjarlægð. Þetta skólaár var því ekki farið í starfsmannasamtöl eins og ráð hafði verið gert fyrir. Mikilvægt er að allt gæðastarf og innra mat sé í stöðugri þróun, sífellt séu skoðaðar nýjar hliðar sem við nána skoðun geta varpað ljósi á stöðu mála og komið nýjungum til leiðar sem bæta skólastarfið.

Yfirlit sjálfsmats í FG

Tegund mats	Lagt fyrir	Skoðun á	Frákvæmd í höndum	Gagnaöflun	Úrvinnsla	Niðurstöður?	Hve oft frákvæmt?
Námsrángur	Allir nemendur skólans	Einkunnir hvers áfanga skoðaðar, bornar saman við fyrri annir.Meðaltal.	Kennarar / Kennslustjórar	Prófúrlausnir nemenda ásamt námsmati kennara	Kennslustjórar	Ræddar á fagfundum í deildum. Niðurstöður koma fram í ræðu skólameistara við skólaslit.	Á hverri önn.
Kennslukönnun meðal nemenda	Allir nemendur skólans	Námsefni, kennsluhættir, undirbúningur kennara, mat á gæðum kennslunnar	Gæðahópur	Rafræn könnun á námsnetinu lögð fyrir alla nemendur skólans	Skólameistari / aðstoðarskólameistari	Ræddar í viðtali við skólameistara / aðstoðarskólameistara	Á hverri önn.
Viðhorf nemenda	Nemendur á opnum fundi	Skólastarfinu, aðbúnaði, kennslu o.fl.	Stjórnendur	Stjórnendur og stjórnarmenn nemendafélags sitja fyrir svörum	Stjórnendur	Fundargerð er skrifuð og send á alla starfsmenn og nemendur skólans. Þar kemur fram tillaga að úrvinnslu.	Á hverri önn.
Starfsmannasamtöl	Allir starfsmenn skólans	Líðan starfsmanna, hvað má betur fara í skólastarfinu	Samtöl skipulögð eftir skipuriti skólans, yfirmenn ræða við undirmenn	Samtöl eru boðuð fyrirfram, sérstök eyðublöð eru til sem báðir aðilar skrifa undir	Skólameistari / aðstoðarskólameistari / kennslustjórar	Skólameistari kynnir helstu niðurstöður og setur fram hugmyndir að úrbótum ef þess þarf	Í apríl ár hvert Ekki frákvæmt á vorönn 2011 vegna umfangsmikils starfs við nýja námskrá
Líðan starfsmanna	Allir starfsmenn skólans	Ýmsum þáttum sem varða velferð og líðan starfsmanna. Viðbragðsáætlun skóla: gátlisti	Gæðahópur	Ýmsar skoðanakannanir, fundir o.fl.	Gæðahópur	Gæðahópur kynnir helstu niðurstöður og setur fram hugmyndir að úrbótum ef þess þarf	Stöðug starfsemi

Yfirlit sjálfsmats í FG

Tegund mats	Lagt fyrir	Skoðun á	Framkvæmd í höndum	Gagnaöflun	Úrvinnsla	Niðurstöður?	Hve oft framkvæmt?
Öryggi á vinnustað	Starfsmenn skólans eftir því sem við á	Öryggi og hollustuháttum á vinnustað.	Öryggisnefnd	Öryggisnefnd kallar til utanaðkomandi sérfræðinga eftir því sem við á	Öryggisnefnd og stjórnendur	Tillögur um úrbætur koma frá öryggisnefnd, framkvæmd í höndum skólameistara	Áhættumat á ca. 2-3 anna fresti
Staða forvarnamála í viðum skilningi	Alla nemendur skólans eftir því sem við á	Heilbrigðum lífsháttum, neyslu áfengis, tóbaks og annarra vímuvaldandi efna	Forvarnafulltrúi og forvarnateymi	Með ýmsum hætti, viðvera á dansleikjum, öllum ferðum á vegum skólans, einnig eru stundum lagðar fyrir nemendur kannanir	Forvarnafulltrúi og forvarnateymi	Tillögur um úrbætur koma frá forvarnateymi, framkvæmd í höndum stjórnenda	Stöðug starfsemi
Próf og prófagerð	Kennarar	Framkvæmd prófagerðar, búið er að setja prófagerð og framkvæmd prófa í sérstakt ferli	Áfangastjóri	Kennarar fara eftir fyrirmælum um samningu prófa, frágang og fleira. Próf skoðuð.	Áfangastjóri og kennslustjórar	Gripið er inn í ef próf eru ekki unnin samkvæmt fyrirmælum	Einu sinni á önn.
Kennsluáætlanir	Nemendur	Kennsluáætlanir skulu unnar með ákveðnum hætti, lagðar fyrir nemendur í fyrstu kennsluviku og setta á heimasíðu skólans	Kennarar undir stjórn kennslustjóra	Gengið úr skugga um að allar kennsluáætlanir fari á heimasíðu og séu samkvæmt fyrirmælum	Stjórnendur	Kennslustjórar sjá um ef úrbóta er þörf.	Einu sinni á önn.
Endurmenntun kennara	Kennarar	Endurmenntun kennara, lögboðinni og öðru	Skólameistari	Kennarar fylla út sérstakt skjal, aðstoðarskólameistari geymir staðfestingar	Skólameistari / aðstoðarskólameistari	Ut anumhald, yfirsýn kennarahópsins. Hvatning til kennara.	Stöðug starfsemi

Yfirlit sjálfsmats í FG

Tegund mats	Lagt fyrir	Skoðun á	Frákvæmd í höndum	Gagnaöflun	Úrvinnsla	Niðurstöður?	Hve oft frákvæmt?
-------------	------------	----------	-------------------	------------	-----------	--------------	-------------------

Umsjónarkerfi	Umsjónarkennarar hafa viðtækt hlutverk sem er sérstaklega greitt fyrir	Umsjónartímum, frákvæmd skipulags, utanumhald	Verkefnastjóri, námsráðgjafar	Sérstakir umsjónarkennara-fundir	Verkefnastjóri og aðrir stjórnendur	Tillögur til úrbóta frákvæmdar eftir því sem þörf er á hverju sinni	Stöðug starfsemi Starfsemin enn frekar eflid á skólaárinu
Viðvera / ástundun nemenda	Allir nemendur skólans	Mætingu nemenda í kennslustundir. Seinkomur, fjarvistir án skýringa	Stjórnendur, kennarar, skólafulltrúar	Viðveruskráning í INNU.	Skólaráð, stjórnendur	Formleg afgreiðsla fer fram hjá skólaráði. Markmið: að minnka brottfall.	Stöðug starfsemi
Úttektir á einstökum námsgreinum	Kennarar og nemendur í einstökum námsgreinum	Færni kennara, þ.á.m. menntun, undirbúningi, kennsluháttum, árangri	Stjórnendur og viðkomandi kennslustjóri	Skoðun á kennsluáætlunum, tímar heimsóttir, niðurstöður prófa og verkefna skoðuð, viðtöl við kennara og nokkra nemendur(?)	Aðstoðarskólameistari	Niðurstöður ræddar og ef úrbóta er þörf þá gerðar tillögur þar um	Úttekt: Viðskiptagreinar

7. DEILIMARKMIÐ OG FRAMKVÆMDAÁÆTLUN

2010 - 2011

Ágúst:

- ✓ Busavígsla og busadansleikur fari fram með sómasamlegum hætti.
- ✓ Sérstakt stuðningskerfi fyrir nemendur í brottfallshættu.
- ✓ Ný aðstaða fyrir hópvinnu og tölvukennslu í stúdíói skólans.
- ✓ Tekin verði upp kennsla í japönsku.
- ✓ Tekin verði í notkun ný stökkatafla.
- ✓ Tekið verði upp nýtt umsjónarkerfi sem miði að auknu aðhaldi við nýnema.
- ✓ Gerður verði samningur um ritun sögu skólans.
- ❖ Ráðinn verði eftirlitsmaður á lóð skólans. **Fékkst ekki styrkur.**

September:

- ✓ Nýting í nemendahópum a.m.k. 97% að meðaltali.
- ✓ Skipulögð útivistarferð fyrir starfsmenn skólans.
- ✓ Unnið skipulega að innleiðingu nýrra framhaldsskólalaga.
- Boðið upp á stoðtíma í íslensku. **Reyndist ekki þörf á því**
- ✓ Boðið upp á stoðtíma í stærðfræði.
- ✓ Fundur með foreldrum nýnema.
- ✓ Sérstakt átak til að bæta mætingu nemenda.

Október:

- ✓ Opinn fundur með nemendum skólans.
- ✓ Sjálfsmatsskýrsla fyrir skólaárið 2009 – 2010.
- ✓ Fræðsluferð fyrir starfsmenn skólans til Edinborgar.
- ❖ Veglegur Galadansleikur í skólanum. **Frestað til vorannar 2011**
- ❖ Fundur með foreldrum í Garðabæ og Álftanesi um lífsstíl ungs fólks. **Frestað til vorannar 2011**
- ✓ Sérstakt átak til að bæta mætingu nemenda.

Nóvember:

- ✓ Viðhorfskönnun lögð fyrir nemendur í síðustu kennsluviku.
- ✓ Sérstakt átak til að bæta mætingu nemenda.

Desember:

- ✓ 98% allra innritaðra nemenda skili sér í próf í annarlok. **Varð 98,3%**
- ✓ 85% allra fjarnema skili sér í próf í annarlok. **Varð 86,5%**
- ✓ 25% nemenda verði með yfir 96% skólasókn í lok annar. **Varð 26%**
- ✓ 50% nemenda verði með yfir 92% skólasókn í lok annar. **Varð 59%**
- 70% nemenda verði með yfir 87% skólasókn í lok annar. **Varð 62%**

2011

Janúar:

- ✓ Boðið verði upp á stoðtíma í íslensku.
- ✓ Boðið verði upp á stoðtíma í stærðfræði.
- Boðið verði upp á valáfanga í ritun.

Febrúar:

- ✓ Opinn fundur með nemendum skólans.
- ✓ Opið hús í skólanum með tilheyrandi kynningu á starfi skólans.

Mars:

- Viðbætur í sögu FG settar á heimasíðu skólans.
- ❖ Námskeið fyrir starfsmenn. **Fyrirlesari mætti ekki**
- ❖ Fræðslufundur fyrir starfsmenn varðandi forvarnir. **Fyrirlesari mætti ekki**
- ✓ Veglegur Galadansleikur í skólanum.
- ✓ Fundur með foreldrum í Garðabæ og Álftanesi um lífsstíl ungs fólks.

Apríl:

Mái: (tölur innan sviga frá vorönn 2010)

- 98% allra dagskólanemenda skili sér í próf í annarlok. **Varð 96,5% (97%)**
- ✓ 85% allra fjarnema skili sér í próf í annarlok. **Varð 86,4% (85,4)**
- 25% nemenda verði með yfir 96% skólasókn í lok annar. **Varð 22% (17%)**
- 50% nemenda verði með yfir 92% skólasókn í lok annar. **Varð 37% (28%)**
- 70% nemenda verði með yfir 87% skólasókn í lok annar. **Varð 56% (41%)**

○ = Óafgreitt

❖ = Í gangi

✓ = Afgreitt

• = Komst ekki í framkvæmd á þessu skólaári

Framkvæmdaáætlunin er stýritæki sem veitir aðhald og gefur heildarsýn yfir starfsemina. Augljóst er að skólasókn nemenda er ábótavant, þrátt fyrir það aðhald sem skólinn veitir nemendum.

Eftirtektarvert er hve margir nemendur skila sér til prófs, sérstaklega í fjarnáminu. Við teljum okkur vera á réttri braut hvað það varðar, en alltaf má gera betur.

8. SKÓLANÁMSKRÁ FG

Skólanámskrá FG er birt í **Námsvísi** á vef Fjölbrautaskólans í Garðabæ ([FG - Námsvísir](#)).

Námsvísir Fjölbrautaskólans í Garðabæ var síðast prentaður haustið 2000 og var það í áttunda og ef til vill í síðasta sinn sem FG gefur út prentaðan námsvísi. Héðan í frá verður námsvísirinn í stöðugri endurskoðun og endurútgefinn rafrænt á heimasíðu skólans annað hvert ár. Töluverðar breytingar urðu á allri námskipan í kjölfar nýrrar Aðalnámskrár framhaldsskóla frá 1999. Skipan námsbrauta hefur gjörbreyst og námskipan einstakra námsgreina hefur einnig breyst mikið.

Haustið 1999 voru nýnemar innritaðir í FG samkvæmt nýrri Aðalnámskrá og var þá saminn 16 síðna bæklingur: „Námsbrautir og námsframboð samkvæmt nýrri Aðalnámskrá framhaldsskóla fyrir nemendur FG fædda 1983.“ Veturinn 1999-2000 var síðan unnið markvisst að samningu nýrrar skólanámskrár sem leiddi til útgáfu námsvísis í október 2000.

Skólanámskrá endurspeglar það sem fram fer og stefnt er að í skólastarfi. Til þess að ná því markmiði er nauðsynlegt að þeir, sem skólastarfið snýst um, séu með í ráðum. Kennarar einstakra námsgreina þurfa að hafa töluvert svigrúm til að setja saman áfanganámskrár. Forvarnafulltrúi þarf að vera leiðandi í stefnumörkun og framkvæmd forvarnastarfsins. Sjónarmið nemenda þurfa að fá hljómgrunn í öllum þáttum skólastarfsins. Skólanámskráin þarf að vera í stöðugri endurskoðun til þess að hún sé raunhæf og gagnleg lýsing á skólastarfinu. Námsvísir FG var síðast settur á vefinn í september 2007. Með innleiðingu nýrrar námskrár haustið 2011 verður námsvísir endurbættur.

STARFSLÝSINGAR

Starfslýsingar eru birtar á heimasíðu skólans, www.fg.is/skolinn/starfsmenn/starfslýsingar/.

Starfslýsingar þessar eru samdar á grundvelli reglugerðar dags. 8. janúar 2001 um starfslið og skipulag framhaldsskóla, reglugerðar dags. 7. febrúar, 1997 nr. 140/1997 um skólaráð við framhaldsskóla, reglugerðar dags. 7. febrúar, 1997 nr. 138/1997 um almenna kennarafundi í framhaldsskólum, reglugerðar dags. 11. febrúar, 1997 nr. 132/1997 um skólanefndir í framhaldsskólum og erindisbréfs fyrir skólameistara dags. 1. júlí 1997 samkvæmt 38. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Starfslýsingar eru endurskoðaðar árlega og ef þurfa þykir eru þær aðlagðar störfum einstakra starfsmanna hverju sinni.

9. INNRA MAT - GÆÐAVINNA

Eins og áður hefur komið fram eru fjölmargir matsþættir teknir fyrir reglulega í skólastarfinu. Helstu niðurstöður verða teknar fyrir í næstu köflum.

9.1. Áætlanir

Skólaárið 2009-2010 var unnið að samningu [endurmenntunaráætlunar](#), [jafnréttisáætlunar](#), [viðbragðsáætlunar í eineltismálum](#) svo og [umhverfisstefnu FG](#). Markmið þessa starfs var bæði að uppfylla lög og reglur sem kveða á um að skólar marki sér stefnu í þessum málum en ekki síður að tryggja það að líðan allra þeirra sem í skólanum starfa sé sem best. Þessar áætlanir eru allar birtar á heimasíðu skólans.

Skólaárið 2010-2011 var jafnréttisáætlunin endurbætt svo og var unnið að [heilsustefnu](#) þar sem skólinn er orðinn þátttakandi í verkefninu heilsuefandi framhaldsskóli. Markmiðið með heilsustefnunni er að bæta heilsu og líðan þeirra sem starfa og nema við skólann. Stefnt er að því að tryggja eins góða og heilsusamlega vinnuaðstöðu og unnt er jafnframt því sem nemendur og starfsmenn eru hvattir til virkrar þátttöku og aukinnar meðvitundar um gildi bættrar heilsu og líðanar. Heilsustefnunni er ætlað að hafa áhrif á allar daglegar venjur og starf í skólanum. Þeir þættir sem stefnan tekur til eru næring, öryggi, hollusta, hreyfing, geðrækt og heilbrigður lífsstíll. Starf forvarnafulltrúa, öryggisnefndar og rekstur mótuneyta fléttast hér inn svo dæmi sé tekið. Stýrihópur vegna verkefnisins heilsuefandi framhaldsskóli hefur tekið til starfa en í hópnum sitja forvarnafulltrúi, sem er formaður hópsins, fulltrúi kennara, fulltrúi stjórnenda, fulltrúi foreldra og tveir fulltrúar nemenda. Um leið og heilsustefnan verður lögð fram og hún samþykkt verður hún sett á heimasíðu skólans.

9.2. Námsárangur - einkunnadreifing

Á meðfylgjandi töflu er settur fram samanburður á einkunnum á haustönn 2009, vorönn 2010, haustönn 2010 og vorönn 2011. Tilgreindur er námsárangur allra nemenda í þeim áföngum sem kenndir voru á þessu tímabili. Hér verður ekki vikið að einstökum áföngum en þó er eftirtektarvert að skoða sveiflur sem verða í einkunnum einstakra áfanga. Stefnt er að því á næsta skólaári að skoða sérstaklega þessar niðurstöður og bera þær saman við skýrslur kennslustjóra. Nánar verður vikið að því síðar.

Áfangi	Einkunnadreifing Haustönn 2009						Einkunnadreifing Vorönn 2010					Einkunnadreifing Haustönn 2010					Einkunnadreifing Vorönn 2011				
	Meðaltal	Staðalfrávik	Hættu	Mættu ekki í próf	Mættu ekki í próf	Skráðir í áfangann	Meðaltal	Staðalfrávik	Hættu	Mættu ekki í próf	Skráðir í áfangann	Meðaltal	Staðalfrávik	Hættu	Mættu ekki í próf	Skráðir í áfangann	Meðaltal	Staðalfrávik	Hættu	Mættu ekki í próf	Skráðir í áfangann
AHS103	6,94	2,1	1	0	0	32	6,75	3,13	0	1	5						7,41	1,99	2	0	22
AHS203	7,5	2,12	0	0	0	2	6,79	1,96	1	0	24	7,5	2,12	0	0	2	7	0	0	0	2
AHS313	8,83	1,17	0	0	0	6	7,5	0,71	1	0	2	6,89	2,01	1	1	27	8	0	0	0	1
AÍÞ103	5,89	1,83	0	0	0	9															
AÍÞ113																					
AÍÞ213																					
AÍÞ203	8,11	2,37	1	0	0	10															
BÓK103	7,39	1,97	3	0	0	26						7,33	2,54	2	0	21	5,69	3,38	2	2	16
BÓK203	7,39	1,97	0	0	0	0	6,27	2,37	1	0	22						6,92	2,27	2	0	25
BÓK213												7,82	1,5	0	0	22					
BÓK303	7,39	1,97	0	0	0	0	7,18	2,33	0	1	17										
DAN102	5,89	2,05	1	0	1	30	6,14	2,04	5	3	54	5,79	1,82	6	1	38	6,29	1,88	3	1	52
DAN103	6,14	2,04	1	0	2	35	5,97	1,85	1	0	31	6,08	2	2	2	60	6	1,93	1	2	56
DAN192																					
DAN202	5,1	1,46	0	0	1	38	5,39	1,71	2	1	27	4,97	1,73	1	1	38	4,85	1,53	3	1	54
DAN203	5,44	2,88	0	0	1	10	6,29	1,85	0	1	52	5,75	2,22	0	0	4	6,37	1,76	1	2	67
DAN212	6,29	1,64	0	0	0	34	5,66	1,64	1	1	24	5,78	1,9	1	2	40	5,89	1,55	2	0	28
DAN303	7	1,41	3	0	0	14	9	0	0	0	1	6,85	1,52	0	0	26	6,38	2,13	0	0	8
EDL103	4,99	2,47	1	0	1	22	5,44	2,64	0	1	24	6	1,95	3	0	22	5,8	2,53	2	0	20
EDL203	4,76	2,47	0	0	0	0	7,3	2,86	0	2	19						6,67	2,6	0	0	24
EDL303	5,53	2,7	1	0	0	20						6,86	1,83	0	0	14					
EDL403							7,88	1,64	0	0	8										
EFN103	5,56	2,53	0	0	1	24	5,77	3,13	1	2	28	4,83	2,65	0	2	27	4,24	3,17	1	4	25
EFN203	4,74	2,54	0	0	0	19	6,11	2,63	1	2	20	6,18	2,65	0	0	17	5,94	2,38	0	1	17
EFN303	4,74	2,54	0	0	0	0	6,67	1,83	1	0	24						7,09	2,98	0	0	11
EFN313	5,41	3,75	0	0	2	14						6,73	1,44	0	0	15					
EFN383																	7,4	2,3	0	0	20
ENS102	7,23	1,78	0	0	1	46	6,22	2,11	2	1	19	7,26	1,47	1	0	42					
ENS103	7,31	1,34	0	0	0	108	7,69	3,01	0	1	14	7,18	1,57	5	2	139	6,62	2,73	0	2	21
ENS193	6,18	1,91	0	0	1	17						5,5	2,22	0	1	16					
ENS202	7,43	2,69	1	0	3	30	6,5	1,47	1	0	46	5,53	1,33	1	0	17	5,98	1,63	4	0	43
ENS203	6,44	2,59	0	0	2	18	6,55	1,71	3	1	94	5,84	2,1	1	1	25	6,87	1,6	2	3	138
ENS212	6,4	2,61	3	0	4	40	6,85	2,37	1	2	29	5,57	2,43	3	4	42	5,27	2,62	6	2	26
ENS303	6,87	2,32	2	0	9	132	7	2,06	1	2	57	6,33	1,84	3	2	101	5,77	2,37	5	5	88
ENS403	6,25	2,39	1	0	7	84	6,46	2,18	1	5	101	6,37	2	2	1	51	6,18	2,32	4	2	74
ENS503	6,18	2,79	0	0	7	47	6,2	2,08	0	2	46	6,06	2,74	2	6	50	6,02	2,25	4	3	48

Áfangi	Einkunnadreifing Haustönn 2009						Einkunnadreifing Vorönn 2010					Einkunnadreifing Haustönn 2010					Einkunnadreifing Vorönn 2011					
	Meðaltal	Staðalfrávik	Hættu	Mættu ekki í próf	Mættu ekki í próf	Skráðir í áfangann	Meðaltal	Staðalfrávik	Hættu	Mættu ekki í próf	Skráðir í áfangann	Meðaltal	Staðalfrávik	Hættu	Mættu ekki í próf	Skráðir í áfangann	Meðaltal	Staðalfrávik	Hættu	Mættu ekki í próf	Skráðir í áfangann	
ENS583						7,33	2,41	1	1	25						7,85	1,09	1	0	20		
ENS603	7,25	2,38	0	0	0	16	5	3,74	0	0	5	6,15	2,61	1	2	27	5,5	4,95	0	0	2	
ENS703	7,25	2,38	0	0	0	0	6,71	3,07	1	0	21	5,83	3,54	0	1	6	7,26	2,16	1	0	19	
FÉL103	6,53	2,34	7	0	7	172	6,61	2,31	3	6	104	6,29	1,95	6	0	147	5,23	2,36	5	7	62	
FÉL203	5,14	2,98	0	0	9	16	6,52	2,25	0	3	65	5,11	3,37	0	2	9	5,49	2,31	1	4	91	
FÉL303	5,79	2,27	6	0	2	29	8	0	0	0	1	5,81	2,22	0	0	27	5	7,07	0	1	2	
FÉL313							6,9	1,97	2	1	22	6,33	1,53	0	0	3	6,17	2,12	1	1	23	
FÉL403	5,33	4,08	0	0	1	4	8	0	0	0	1	9	0	0	0	2	7	0	0	0	3	
FJÖ103	5,9	2,31	1	0	0	31	6,11	1,92	1	0	56	6,59	1,76	3	2	61	6,78	2,43	1	0	32	
FJÖ203	5,9	2,31	0	0	0	0	6,43	2,1	1	0	35	8,75	0,5	0	0	4	6,19	1,83	1	0	48	
FJÖ213	7,28	1,61	0	0	0	39	8	0	0	0	1	7,23	1,79	1	1	30	7,33	2,34	0	0	6	
FJÖ303	7,96	1,79	0	0	0	28	8	3,97	0	1	5	7,43	1,29	2	0	21						
FRA103	6,76	2,63	1	0	0	18	9	0	0	0	1	6,37	2,95	0	2	27						
FRA203	6,76	2,63	0	0	0	0	6,3	3,18	0	0	20	3,67	3,51	0	1	3	6,5	2,26	3	0	18	
FRA303	5	2,31	0	0	1	19	6	4,24	0	1	2	5,81	2,96	1	1	21	6,4	1,34	0	0	5	
FRA403	4,74	2,31	0	0	0	0	5,11	2,18	0	1	18	3,33	2,89	0	1	3	6,19	2,46	1	0	21	
FRA503	5,67	3,21	0	0	0	3	7	0	0	0	1	6,11	1,96	0	0	9	7	0	0	0	3	
FRA603	5,67	3,21	0	0	0	0	8	0	0	0	1						8	0	0	0	2	
FRA703																						
FÖT103																						
HAG103	6,91	2,54	2	0	0	25	6,45	3,3	1	1	23	6,5	2,69	1	0	22	5,56	2,66	4	2	25	
HAG113	6,75	1,89	1	0	0	21	6,25	1,5	0	0	4	6,53	2,04	1	1	19	8,33	0,58	0	0	3	
HAG203	6,75	1,89	0	0	0	0	6,72	3,17	0	1	15						6,88	1,8	1	0	26	
HAG213	7,25	0,5	0	0	0	4								0	0	0	7	0	0	0	1	
HBF103	7,25	0,5	0	0	0	0	6,57	1,87	2	0	28						6,32	1,97	1	0	25	
HEM103																						
HEM203	8,5	2,74	0	0	0	6																
HOA103							7,47	2,71	0	3	33											
ÍSL102	6,41	1,99	0	0	3	103	4,86	1,53	3	1	22	6,53	1,62	6	0	80	4,95	2,59	3	2	22	
ÍSL103	6,87	1,82	2	0	2	116	7	0	0	0	1	7,04	1,45	1	1	113	6	3,94	0	1	5	
ÍSL191																	4,88	1,48	0	1	24	
ÍSL202	5,19	1,91	4	0	1	28	5,42	1,65	3	2	89	5,37	1,54	1	0	30	5,46	1,76	8	2	87	
ÍSL203	4,5	2,59	0	0	3	19	6,63	1,87	2	1	104	5,69	2,52	0	2	16	6,66	1,84	1	3	110	
ÍSL212	5,92	1,76	3	0	2	63	5,43	2,42	1	4	34	5,3	2,34	1	8	73	3,83	2,32	7	5	35	
ÍSL303	5,47	2,07	2	0	1	83	5,42	2,03	1	3	117	5,84	2,08	3	2	127	4,81	1,76	3	3	100	
ÍSL403	7,13	1,73	0	0	1	72	6,74	2,12	2	3	68	6,13	1,63	2	0	91	6,06	1,82	6	3	100	

Áfangi	Einkunnadreifing Haustönn 2009						Einkunnadreifing Vorönn 2010					Einkunnadreifing Haustönn 2010					Einkunnadreifing Vorönn 2011				
	Meðaltal	Staðalfrávik	Hættu	Mættu ekki í próf	Mættu ekki í próf	Skráðir í áfangann	Meðaltal	Staðalfrávik	Hættu	Mættu ekki í próf	Skráðir í áfangann	Meðaltal	Staðalfrávik	Hættu	Mættu ekki í próf	Skráðir í áfangann	Meðaltal	Staðalfrávik	Hættu	Mættu ekki í próf	Skráðir í áfangann
ÍSL503	7,38	1,38	0	0	0	82	7,09	1,71	2	1	74	6,65	2	2	3	72	5,29	2,18	2	3	73
ÍSL603	6,33	1,53	0	0	0	3											7	1,63	0	0	4
ÍSL613	6,33	1,53	0	0	0	0	8,19	1,39	0	0	27	6,25	4,27	0	1	4	6,79	2,18	0	1	28
ÍSL623	8,15	3	0	0	1	8	7	2	0	0	3	7,67	1,53	0	0	3	5	0	0	0	1
ÍSL633	7,66	2,13	1	0	2	48	6,33	2,34	0	0	6	7,94	2,03	0	0	63	8,11	1,27	0	0	9
ÍÞF103	6,1	2,44	0	0	1	28						7	1,46	0	0	18					
ÍÞF111												10	0	0	0	1					
ÍÞF203	5,89	2,44	0	0	0	0															
ÍÞF222							8	0	0	0	1	7	0	0	0	2	6,91	1,77	1	0	33
ÍÞF232												7,89	1,23	2	0	18	7,5	0,71	0	0	2
ÍÞF242							6	1,6	0	0	29										
ÍÞF303	6,41	1,1	0	0	0	22															
ÍÞG102																	7,71	1,27	1	0	21
ÍÞG112												7,92	0,84	3	0	26					
ÍÞG132	7,9	1,74	1	0	1	25															
ÍÞG152							6,73	1,92	0	0	33										
ÍÞG1G2												7,79	1,78	1	0	19					
ÍÞG1Ú2	6,37	3,04	3	0	0	22															
ÍÞG162																					
ÍÞG202							8	0	0	0	1						6	0	0	0	1
ÍÞG252							10	0	0	0	1										
ÍÞR122	7,54	2,72	1	1	0	203						8,25	2,35	4	1	173					
ÍÞR132							6,67	3,07	5	26	205	7,67	2,08	0	0	3	7,16	2,06	8	4	204
ÍÞR202	6,34	3,02	6	0	0	49	4,67	3,17	3	0	12	7,21	2,06	3	0	48	6,13	2,85	2	0	24
ÍÞR221							8	0	0	0	1										
ÍÞR222	7,77	2,83	0	0	0	13	7,92	2,21	2	0	26	7,31	2,09	3	0	42	7,26	2,5	7	0	34
ÍÞR272																					
ÍÞR282																					
ÍÞR2G2	4,76	2,81	7	0	0	82	6,12	3,11	2	12	78	4,55	3,25	7	11	62	3,26	2,71	5	16	68
ÍÞR2K2																					
ÍÞR301	5,68	3,27	6	6	0	88	5,96	3,76	0	4	33	6	3,53	2	2	22	4,83	3,6	4	3	35
ÍÞR302																					
ÍÞR321																					
ÍÞR331	5,68	3,27	0	0	0	0															
ÍÞR361																					
ÍÞR371	4,6	3,25	4	0	0	25	4,9	3,03	0	2	33	7,16	2,46	3	0	19	5,75	1,5	1	0	4

Áfangi	Einkunnadreifing Haustönn 2009						Einkunnadreifing Vorönn 2010					Einkunnadreifing Haustönn 2010					Einkunnadreifing Vorönn 2011				
	Meðaltal	Staðalfrávik	Hættu	Mættu ekki í próf	Mættu ekki í próf	Skráðir í áfangann	Meðaltal	Staðalfrávik	Hættu	Mættu ekki í próf	Skráðir í áfangann	Meðaltal	Staðalfrávik	Hættu	Mættu ekki í próf	Skráðir í áfangann	Meðaltal	Staðalfrávik	Hættu	Mættu ekki í próf	Skráðir í áfangann
ÍPR381	6,9	3,04	7	1	0	32	7,54	3,81	1	3	25	6,71	2,4	2	0	14					
ÍPR391	6,9	3,04	0	0	0	0															
ÍPR3F1																					
ÍPR3G1	5,29	3,11	3	0	0	83															
ÍPR3Ú1							5,6	3,48	0	15	40	4,49	4,02	6	16	51	4,37	3,59	5	9	27
JAP103												7,41	1,78	3	0	27					
JAR103	5,7	1,39	1	0	0	31	6,33	3,4	0	1	4	6,12	1,79	0	0	52	6	2,94	0	1	7
JAR113	5,7	1,39	0	0	0	0	6,21	2,25	1	2	21						5,6	2,04	0	1	20
JAR203	5,75	3,65	0	0	1	5	8	0	0	0	1	5,8	3,27	0	1	5	6,83	1,6	0	0	6
JAR213	4,6	3,65	0	0	0	0	6,4	0,89	0	0	5	6,67	1,15	0	0	3	6,29	1,25	0	0	7
KLV193	6,41	1,37	0	0	0	17						5,69	1,97	0	1	13					
KLV293							6,46	1,13	0	0	13										
KÓR102						28															
LAN103	5,41	2,45	0	0	2	13	7,23	2,71	1	3	47	3,6	2,61	0	1	5	6,1	2,46	3	4	69
LEK103	7,4	2,39	1	0	1	24						8,16	1,83	0	0	19					
LEK113							8,86	0,83	2	0	22						7,48	2,5	3	0	25
LEK203												6,13	3,25	1	3	15					
LEK213												6,75	2,21	0	1	16					
LEK303																	7,75	1,29	0	0	16
LEN103																	7,9	2,6	0	2	31
LIM103	5,91	2,73	9	0	2	85	6,3	2,56	1	2	32	4,87	2,11	0	1	31	5,33	1,95	2	2	43
LIM113	5,8	2,95	0	0	0	5	6,8	2,07	1	0	55	4,67	2,52	0	0	3	5,78	2,2	1	1	40
LIM203	6,39	1,92	2	0	0	25	8	3,91	0	1	5	6,22	2,05	2	0	46	6,5	2,65	0	0	4
LÍF103	6,96	1,64	0	0	0	26	6,38	2,53	2	4	41	6,89	2,32	2	2	44	6,05	2,15	2	1	43
LÍF113	6,14	2,14	0	0	0	22						7,41	1,18	0	0	17					
LÍF203	7,31	1,7	0	0	0	13	7,32	1,53	0	0	19	7,37	1,64	0	0	19	6,65	2,4	0	1	23
LÍF303							7,72	2,61	2	2	20						7,06	2,08	2	0	17
LJÓ103	7,35	1,69	6	0	0	23	6,4	2,92	2	0	15	6,63	2,11	1	0	19	5,94	2,22	1	0	17
LKN103	7,11	2,31	0	0	0	201	5,27	2,87	1	3	18	7,57	2,2	4	3	152					
LKN113	7,11	2,31	0	0	0	0											8,5	0,71	0	0	2
LKN123	8,66	1,47	0	0	0	32						9,41	0,84	0	0	32					
LOK101	8,91	1,6	0	0	0	34	8,27	2,18	0	0	86	8,69	1,3	1	0	39	7,88	2,34	2	0	77
LSK103												7,97	2,72	0	2	29					
MAT102	8,92	1,44	0	0	0	12															
MHL113																					
MHL133	8,92	1,44	0	0	0	0															

Áfangi	Einkunnadreifing Haustönn 2009						Einkunnadreifing Vorönn 2010					Einkunnadreifing Haustönn 2010					Einkunnadreifing Vorönn 2011					
	Meðaltal	Staðalfrávik	Hættu	Mættu ekki í próf	Mættu ekki í próf	Skráðir í áfangann	Meðaltal	Staðalfrávik	Hættu	Mættu ekki í próf	Skráðir í áfangann	Meðaltal	Staðalfrávik	Hættu	Mættu ekki í próf	Skráðir í áfangann	Meðaltal	Staðalfrávik	Hættu	Mættu ekki í próf	Skráðir í áfangann	
MYL103	7,23	1,53	0	0	0	26						6,85	1,7	2	0	33						
MYL203	7,26	1,63	1	0	0	28						6,74	2,11	2	1	31						
MYL223							6,61	2,09	2	0	18						6,93	1,98	2	0	27	
MYL233							7	1,82	1	0	21						7,7	1,69	2	0	23	
MYL303	7,14	1,31	0	0	0	21					13	7	2,49	0	1	12						
MYL314	7,7	1,08	0	0	0	20					21	7,77	0,83	0	0	13						
MYL403							7,62	1,56	0	0	19						6,67	1,45	0	0	15	
MYL504							7,24	0,94	0	0	30						7,08	1,62	0	0	12	
MYL603							6,74	1,79	0	0	1						6,75	1,82	0	0	12	
MYS103							6,76	2,57	1	1	30											
MYS203												6,39	1,99	1	0	23						
MYS304	7,42	2,3	0	0	0	26	8	0	0	0	71						7,15	1,99	1	1	26	
NÁM193												5,69	1,89	0	1	13						
NÁM293																	7,42	2,47	3	0	12	
NÁT103	6,82	1,86	6	0	1	117	6,73	2,09	6	2	53	7,16	1,82	3	1	101	6,67	2,03	3	2	84	
NÁT113	6,2	2,25	1	0	5	69	6,29	1,79	5	1	19	6,93	1,44	2	0	58	6,05	2,08	1	3	63	
NÁT123	6,99	2,37	4	0	6	92	6,15	2,12	0	4	89	6,46	1,67	2	1	81	5,42	2,05	7	3	45	
PRJ103							7,53	2,12	0	0	61						6,31	3,59	0	3	16	
PRJ113	8,38	1,26	1	0	0	14						6,93	2,4	0	1	14						
REM103																						
SAG103	6,35	2,55	11	0	6	112	5,99	2,71	5	8	89	6,03	2,04	6	3	99	5,57	1,97	9	2	97	
SAG203	7,26	2,4	1	0	4	53	5,98	2,13	0	0	34	5	2,38	2	3	40	4,68	2,35	3	6	68	
SAG303	5,99	2,71	1	0	5	52	4	2,91	0	4	9	6	2,18	0	0	42	3,67	3,35	0	3	9	
SAG313							7,1	2,5	1	1	4	6,2	2,77	0	0	5	4,87	2,55	2	0	23	
SAS113																	6,11	3,49	0	5	27	
SÁL103	5,45	2,4	4	0	4	74	5,94	2,23	2	3	33	5,42	2,15	1	2	53	5,78	2,2	1	4	68	
SÁL203	7,28	2,01	1	0	3	59	8	1,15	0	0	29	5	2,38	2	3	86	7	3,21	0	1	7	
SÁL303	7,66	2,99	0	0	1	7	6,94	1,89	1	1	2	6,25	0,96	0	0	4	6,79	1,92	5	0	29	
SÁL313							7,86	2,05	4	1	0	7	0	0	0	1	6,61	2,77	1	3	33	
SÁL403	7,56	1,33	0	0	0	9	7	0	0	0	39	8,04	1,18	1	0	26	8	0	0	0	2	
SIÐ102																	8,18	1,68	0	0	28	
SJL103	6,86	1,62	5	0	0	77	6,03	2,16	1	0	626	7,75	1,13	4	0	51	6,76	1,99	3	0	17	
SJL203							7,2	1,94	2	1	68						6,79	1,75	3	0	53	
SKY101									0	0	31											
SMT101																						

Áfangi	Einkunnadreifing Haustönn 2009						Einkunnadreifing Vorönn 2010					Einkunnadreifing Haustönn 2010					Einkunnadreifing Vorönn 2011					
	Meðaltal	Staðalfrávik	Hættu	Mættu ekki í próf	Mættu ekki í próf	Skráðir í áfangann	Meðaltal	Staðalfrávik	Hættu	Mættu ekki í próf	Skráðir í áfangann	Meðaltal	Staðalfrávik	Hættu	Mættu ekki í próf	Skráðir í áfangann	Meðaltal	Staðalfrávik	Hættu	Mættu ekki í próf	Skráðir í áfangann	
SPU102	7,73	1,91	0	0	0	15						7,08	2,1	2	0	13						
SPÆ103	6,11	2	1	0	0	38	6,34	2,67	0	3	45	6,6	2,13	2	0	40	4,87	2,21	1	0	30	
SPÆ203	6,12	1,68	1	0	0	44	4,3	2,26	0	1	24	6,11	2,2	1	2	62	5,22	2,18	4	3	50	
SPÆ303	5,22	2,21	4	0	0	31	6,88	2,21	2	3	11	4,72	2,9	1	1	32	5,83	1,96	3	2	52	
SPÆ403	5,58	2,55	1	0	0	27	5,08	2,34	1	1	1	4,85	2,36	1	2	27	5,11	2,3	1	2	38	
SPÆ503	5,58	2,55	0	0	0	0	6,73	2,15	2	0	66	8	1,41	0	0	4	5,67	2,08	0	0	3	
SPÆ603	7	1,83	0	0	0	4	8	0	0	0	11	7,2	1,1	0	0	5	8	0	0	0	1	
STU191																						
STÆ102	5,33	2,32	3	0	7	126	4,37	1,98	0	1	78	4,74	2,56	5	3	88	4,75	2,64	13	6	84	
STÆ103	6,32	1,98	1	0	0	82	4,75	2,34	1	1	45	5,67	2,12	2	1	90	4	3,46	0	2	8	
STÆ122	5,16	2,68	5	0	4	45	4,38	2,12	0	5	68	4,47	2,28	5	1	55	4,78	2,58	6	5	78	
STÆ193	5,55	2,65	2	0	2	34						5,85	2,86	1	3	27						
STÆ202	5,27	2,13	3	0	2	63	5,29	2,1	2	2	17	4,93	1,54	1	0	42	4,6	1,88	4	2	47	
STÆ203	5,41	2,81	3	0	1	29	6,18	2,52	1	3	24	4,71	2,54	0	2	28	5,74	1,31	1	0	58	
STÆ293	5,58	2,02	0	0	1	25	4,31	2,49	1	1	60	6,89	1,27	1	0	9	5	2,27	1	0	8	
STÆ303	6,12	2,57	0	0	3	61	4,66	2,54	2	1	57	4,09	2,33	1	2	56	4,43	2,45	4	5	44	
STÆ313	6,37	1,76	0	0	1	23	9,8	2,56	1	3	7	5,13	2,68	6	1	38	4,87	2,62	2	1	31	
STÆ403	5,06	2,63	0	0	0	33	6,18	2	0	1	28	5,67	3,01	1	2	21	4,42	2,5	0	0	31	
STÆ413							5,18	3,2	0	1	11						5	2,76	0	1	6	
STÆ503	5,52	2,96	0	0	4	31	7,37	2,25	1	2	14	5,94	2,49	1	1	31	5,37	2,67	0	0	30	
STÆ513																						
STÆ523	6,6	2,77	1	0	0	16						6,44	2,9	0	1	16						
STÆ533							7,27	1,27	0	0	25						6,46	2,76	1	1	13	
STÆ603							7,57	1,7	0	0	38						7	1,26	2	0	11	
STÆ703	4,75	1,89	1	0	0	5						6,64	1,12	1	0	11						
THL103	7,93	1,48	5	0	0	51	7,2	2,38	2	0	28	7,17	2,77	4	1	23	7,46	2,07	2	0	13	
THL112							6,45	2,46	0	0	4						5,85	2,8	0	0	20	
THL122	6,75	2,54	1	0	0	17						7,33	2,41	0	1	33						
THL136	7,6	1,45	0	0	0	15						6,73	1,52	0	0	22						
THL143							7,57	1,79	0	0	26						7,15	2,48	1	0	27	
THL183							9,5	0,58	1	0	13						8,87	0,83	0	0	15	
THL203	7,42	2,11	0	0	0	12	7,38	1,75	1	0	12	7,52	2,09	0	0	21	8	0,88	0	0	14	
THL212							7,92	0,64	0	0	21						7,75	1,39	0	0	16	
THL303	7,44	1,36	0	0	0	16						7,27	1,67	0	0	15	6	0	0	0	1	
THL406							8,5	1	0	0	9						9,06	0,68	0	0	16	
TRÉ103	6,6	2,08	0	0	0	25	7,19	1,75	1	0	15	5,64	2,54	3	0	11	7	1,21	1	0	12	

Áfangi	Einkunnadreifing Haustönn 2009						Einkunnadreifing Vorönn 2010					Einkunnadreifing Haustönn 2010					Einkunnadreifing Vorönn 2011				
	Meðaltal	Staðalfrávik	Hættu	Mættu ekki í próf	Mættu ekki í próf	Skráðir í áfangann	Meðaltal	Staðalfrávik	Hættu	Mættu ekki í próf	Skráðir í áfangann	Meðaltal	Staðalfrávik	Hættu	Mættu ekki í próf	Skráðir í áfangann	Meðaltal	Staðalfrávik	Hættu	Mættu ekki í próf	Skráðir í áfangann
TRÉ113	5,56	2,83	1	0	0	10	7	2,17	0	0	12	7,2	1,99	2	0	10	7,91	1,22	0	0	11
TRÉ203							8,11	0,93	0	0	9						7,77	1,3	1	0	13
TÖL103	7,33	2,31	2	0	0	14	7,36	2,9	0	1	15	8,3	1,16	3	0	10	7,86	2,12	3	0	7
TÖL113							7,08	2,84	0	0	35						7,63	1,06	0	0	8
TÖL203	7,5	1,96	0	0	0	10						7,67	1,73	3	0	9	10	0	0	0	1
TÖL283																	8,5	0,71	0	0	2
TÖL303												9	1,41	0	0	2					
UMÖ103	8,43	0,59	0	0	0	23															
UPP103	7,63	0,74	0	0	0	8	6,83	1,89	1	0	30	6,75	1,71	0	0	4	6,78	2,4	3	2	58
VIÐ103	6,43	1,83	0	0	0	21						7,32	1,68	1	2	25	6,33	3,06	0	0	3
VIÐ113	6,81	2,39	0	0	1	28						7,04	1,81	2	0	25	6	0	0	0	1
VIÐ123	6,95	2,9	1	0	2	18						5,62	2,9	0	1	13					
VIÐ133							7,7	2,55	2	1	29						7,67	0,93	3	0	21
VIÐ143	6,18	2,9	0	0	0	0	6,47	2,11	2	0	48	5,6	1,67	0	0	5	6,69	1,93	1	0	26
VIÐ181			0	0	0	25															
VIÐ213	7	0	0	0	0	1	7,67	2,08	0	0	45	4	2,83	0	0	2					
VIÐ223	7	0	0	0	0	0															
ÞRI101	9	1,41	0	0	0	13															
ÞRO102																					
ÞRO103							8,16	3,19	0	2	30										
ÞÝS103	5,55	1,97	1	0	0	56	6,76	2,51	3	3	26	5,71	2,73	1	6	51	5,41	2,72	2	5	56
ÞÝS203	6,04	2,51	0	0	2	28	6,3	2,41	0	3	45	5,82	2,02	1	0	34	5,57	2,64	1	2	37
ÞÝS303	5,66	2,81	0	0	4	33	6,28	2,1	0	1	30	6	1,93	1	1	36	5,44	2,44	0	3	36
ÞÝS403	5,64	1,29	0	0	0	11	5,42	1,63	1	0	26	6,5	2,03	0	0	16	6,48	2,13	1	1	31
ÞÝS503	6,5	4,95	0	0	0	2	4,5	2,12	0	0	2	4,33	4,04	0	1	3	6	1,73	0	0	3
ÞÝS603	6,5	4,95	0	0	0	0	6,67	4,16	0	0	3						10	0	0	0	1
ÞÝS703																					

9.3. Úttekt á námsgrein - viðskiptagreinar

Eins og fram kom í sjálfsmatsáætlun skólaársins 2010/2011 var áætlað að taka út eina námsgrein á vorönn 2011 m.t.t. heildarmyndar. Þar er átt við að skoðaðir verði kennsluhættir, árangur nemenda, menntun og undirbúningur kennara, styrkleikar og veikleikar svo og líðan nemenda í kennslustundum. Ákveðið var að taka út viðskiptagreinar á vorönn 2011. Úttektin var bæði meginleg og eigindleg og stuðst var við viðmið fyrir sjálfsmat sem mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur til grundvallar. Úttektin náði til tveggja kennara sem skipta með sér kennslu viðskiptagreina og náði til áfanganna BÓK103, BÓK203, HAG103, HAG203, VIÐ133 og VIÐ143. Skipulagning og framkvæmd var í höndum skólameistara, aðstoðarskólameistara og verkefnastjóra.

1. Tímasetningar og verkframvinda.

I vikunni 7.-11.mars 2011 var framkvæmd skrifleg könnun meðal nemenda ofangreindra áfanga. Verkefnastjóri lagði þennan þátt úttektarinnar fyrir nemendur. Könnunin var rafræn og spurningarnar sem lagðar voru fyrir voru hannaðar í SurveyMonkey. Spurningar voru alls 22 og skiptust þannig:

1. Hvaða áfangi er þetta?
2. Kyn þess sem svarar.
3. Fæðingarár þess sem svarar.
 - a. 1990 eða eldri
 - b. 1991
 - c. 1992
 - d. 1993
 - e. 1994 eða síðar
4. Á hvaða braut ertu?
 - a. Viðskipta- og hagfræðibraut
 - b. Öðrum brautum
5. Mér finnst kennarinn vera vel undirbúinn.
 - a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
6. Ég er sáttur/sátt við viðmót kennarans í minn garð.
 - a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
7. Mér finnst vinnuandinn í áfanganum vera góður.
 - a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
8. Kennarinn fylgist vel með því hvernig mér gengur í áfanganum.
 - a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála

9. Mér finnst auðvelt að biðja um aðstoð hjá kennaranum.
 - a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
10. Próf og verkefni áfangans eru sanngjörn.
 - a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
11. Vinnuálag í áfanganum er hæfilega mikið.
 - a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
12. Mér líður vel í áfanganum.
 - a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
13. Námsefni áfangans hjálpar mér að skilja efni áfangans.
 - a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
14. Kennari skilar verkefnum fljótt til baka (innan viku frá lokum skilafrests).
 - a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
15. Kennarinn notar mismunandi kennsluaðferðir (töflukennsla, hópvinna, leikir...)
 - a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
16. Kennarinn notar mismunandi námsmat (próf, ritgerðir, verkefni, nemendafyrirlestur...)
 - a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
17. Kennarinn nær að gera efnið áhugavert.
 - a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
18. Kennarinn hefur stjórn á órólegum nemendum.
 - a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála

19. Kennari er duglegur að koma með viðbótarefni sem eykur skilning á efninu.
 - a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
20. Kennari er áhugasamur um að nemendur sýni framfarir.
 - a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
21. Kennari fylgist vel með heimanámi nemenda.
 - a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
22. Hvernig finnst þér þú sinna námi þínu í áfanganum?
 - a. Mjög vel
 - b. Frekar vel
 - c. Frelar illa
 - d. Mjög illa

Samtals voru 113 nemendur spurðir, 54 karlar og 59 konur. Flestir voru fæddir á árunum 1990-1994. Á viðskipta- og hagfræðibraut voru 46 karlar og 41 kona, þannig að flestir nemendur voru á þeirri braut þó að einhver hluti væri á öðrum brautum. Um 95% nemenda sögðust vera annað hvort mjög eða frekar sammála fullyrðingunni að kennarar væru vel undirbúnir. Um 87% nemenda voru sáttir við viðmót kennarans gagnvart nemendum. Yfir 85% nemenda töldu að vinnuandinn í áfanganum væri góður.

Um 78% nemenda taldi vera auðvelt að biðja um aðstoð hjá kennara sem er lægra en þegar spurt er um flest annað, fyrir utan námsmat og kennsluaðferðir, sem er eitthvað til að skoða. Nemendum virtist líða vel í áföngunum og sögðu 94% nemenda að þeim liði vel í áföngunum. Þegar spurt var hvort kennari beitti fjölbreyttum kennsluaðferðum sögðu 61% svo vera, þar með sögðu 39% nemenda að kennarar noti ekki fjölbreyttar kennsluaðferðir sem er áhugavert sérstaklega í ljósi þess að verið er að vinna í nýrri skólanámskrá fyrir skólann. Eitthvað sem þarf að huga að. Sama var uppi á teningnum þegar spurt var hvort fjölbreyttu námsmati væri beitt, 64% sögðu að svo væri.

Einnig var athyglisvert að skoða kynjamun. Þó að báðir hópar væru jákvæðir gagnvart fögunum og kennurum sínum þá voru stúlkurnar gagnrýnni. Það voru fleiri stúlkur sem kvörtuðu yfir vinnuandanum og fleiri stúlkum sem fannst erfitt að biðja um aðstoð. Einnig fannst fleiri stúlkum að beita mætti fjölbreyttari kennsluaðferðum og fjölbreyttara námsmati. Þetta segir okkur að skoða þurfi betur kynjamun í rannsóknum innan skólans og að nauðsynlegt sé að hafa þennan kynjamun í huga þegar ný skólanámskrá verður unnin.

Almennt voru niðurstöður könnunarinnar jákvæðar, nemendum virtist líða vel og vera í góðri samvinnu við kennara sína. Hafa ber það þó í huga að nemendur benda á að kannski þurfi að endurskoða kennsluaðferðir og námsmat í skólanum sem við erum jú að gera.

Seinni hluti úttektarinnar var tvíþættur og sneri að kennurunum tveimur. Annars vegar voru tekin persónuleg viðtöl við þá hvorn fyrir sig og sá aðstoðarskólameistari um þau viðtöl. Fyrir lágu eftirfarandi spurningar:

1. Menntun kennarans - fagþekking
2. Starfsreynsla
3. Styrkleikar og veikleikar í starfi
4. Hvernig gengur á þessari önn? Mætti eitthvað fara betur?
5. Líðan í starfi
6. Vinnuaðstaða
7. Vinnuandi í deildinni
8. Samskipti í deildinni
9. Samskipti við stjórnendur
10. Námsmat - próf/prófafyrirkomulag. Hvað mætti betur fara?
11. Möguleikar í endurmenntun

Kennarar deildarinnar eru mjög vel menntaðir í sinni grein auk þess að hafa réttindi á framhaldsskólastigi. Þeir eru fulltrúar ólíkra aldurshópa kennara, annar er fæddur árið 1956 og hefur starfað við skólann í yfir 20 ár, hinn er fæddur árið 1978 og hefur starfað við skólann frá hausti 2008 auk þess að hafa verið nemandi við skólann. Báðir kennararnir eru ákaflega farsælir í starfi og í viðtölum við þá kemur fram mikil starfsánægja. Þeir eru mjög meðvitaðir um eigin styrkleika og veikleika og samstarf þeirra er gott. Í sambandi við veikleika vilja þeir taka á þeim málum og hugsa stöðugt um að bæta sig í starfi. Báðir eru í vettvangsnámi í starfendarannsóknnum á skólaárinu og leita sér reglulega endurmenntunar í sínu fagi svo og eru þeir virkir í fagfélagi. Í raun eru þessir kennarar draumakennarar hvers skóla. Í samtölum kom fram að samskipti þeirra við nemendur svo og stjórnendur eru góð, eina umkvörtunarefnið var frá yngri kennaranum um erfiðleika við að koma á nýjungum í tæknimálum.

Hinn liður eigindlegs mats var heimsókn í kennslustundir og sá skólameistari um þá hlið. Góð orð voru höfð um frammistöðu beggja kennaranna enda öflugir og miklir fagmenn. Þess má geta að nemendur í frumkvöðlafræði hafa tvö ár í röð sigrað samkeppni íslenskra framhaldsskólanema og verið fulltrúar Íslands í Evrópukeppni. Slík niðurstaða endurspeglar stöðu viðskiptagreina í skólanum og er til vitnis um gott faglegt starf viðkomandi kennara.

Unnið úr niðurstöðum og skýrsla unnin af Elísabetu Siemsen aðstoðarskólameistara og Guðmundi Stefáni Gíslasyni verkefnastjóra.

9.4. Heimsóknir í kennslustundir

Á vorönn 2011 heimsótti skólameistari kennslustundir hjá kennurum. Þetta var viðamikil starf og krafðist skipulagningar en nýr skólameistari vildi með þessum heimsóknum bæði skoða stöðuna svo og boðaði hann meiri áherslu á hið faglega starf. Sérstaka áherslu skyldi setja á ritun í öllum áföngum.

9.5. Kennslukannanir meðal nemenda

Kennslukannanir hafa verið lagðar fyrir nemendur reglulega frá árinu 1999. Niðurstöður áráanna 1999-2003 voru birtar í Sjálfsmatsskýrslu árið 2004. Fyrstu árin var könnunin framkvæmd á blöðum sem lögð voru fyrir nemendur en síðan haustið 2005 er kennslukönnunin framkvæmd í tölvu gegnum kennslukerfið Námsnet – Myschool sem tekið var upp haustið 2005. Kannanirnar voru lagðar fyrir alla nemendur í öllum námshópum og var spurt um ýmislegt varðandi kennsluna og námið. Niðurstöður fara eingöngu til skólameistara sem fer yfir niðurstöður með kennurum einu sinni á skólaárinu. Í sjálfsmatsskýrslu sem gefin var út haustið 2007 komu fram niðurstöður áráanna 2005-2007. Í sjálfsmatsskýrslu skólaársins 2009-2010 voru niðurstöður áráanna 2008-2010 skoðaðar. Hér er haldið áfram þar sem frá var horfið með niðurstöður skólaársins 2010-2011 skoðaðar. Niðurstöður kannananna meðal dagskólanema og fjarnema eru skoðaðar sitt í hvoru lagi.

Haustönn 2010

Fjarnám

Samantekt um námskeiðið	Fimmur	Fjarkar	Bristar	Tvennur	Ásar	Ekki	Fjöldi	Meðalt.	St.fráv.
Hversu vel svarar kennarinn tölvupósti?	75	46	24	10	9	16	164	4,02	1,16
Hversu ánægð(ur) ertu með glósur og gögn sem kennarinn sendir?	77	52	31	8	5	8	173	4,08	1,03
Hversu ánægð(ur) ertu með skil kennarans á verkefnum?	94	31	35	5	8	8	173	4,14	1,12
Hversu ánægð(ur) ertu með áfangann í heild?	73	64	28	12	3	1	180	4,06	0,99
Samtals	319	193	118	35	25	33		4,08	

Dagskóli

Samantekt um kennara	Fimmur	Fjarkar	Bristar	Tvennur	Ásar	Ekki	Fjöldi	Meðalt.	St.fráv.
Hvernig er samræmið milli kennslu og prófa/verkefna kennarans?	1313	734	364	115	54	174	2580	4,21	0,99
Hvernig er kennarinn undirbúinn fyrir kennslustundir?	1613	721	286	55	28	45	2703	4,41	0,84
Hversu ánægð(ur) ertu með viðleitni kennarans til að gera námið áhugavert?	1263	682	494	175	123	0	2737	4,01	1,14
Hversu vel gengur kennaranum að hafa stjórn á órólegum nemendum?	1332	765	448	135	58	0	2738	4,16	1,01
Hrósar kennarinn nemendum fyrir það sem vel er gert?	1054	703	586	225	101	76	2669	3,89	1,13
Hversu ánægð(ur) ertu með leiðbeiningar og útskýringar kennarans?	1299	769	430	137	103	0	2738	4,10	1,08
Fylgist kennarinn vel með vinnu nemenda?	1188	829	539	133	44	0	2733	4,09	0,98
Er kennarinn stundvís?	1748	680	230	49	23	0	2730	4,49	0,79
Hvernig líður þér almennt í áfanganum?	1406	755	415	100	55	0	2731	4,22	0,97
Ertu ánægð(ur) með áfangann í heild?	1329	731	454	124	101	0	2739	4,11	1,07
Samtals	13545	7369	4246	1248	690	295		4,17	

Vorönn 2011

Fjarnám

Samantekt um námskeiðið	Fimmur	Fjarkar	Bristar	Tvennur	Ásar	EKKI	Fjöldi	Meðalt.	St.fráv.
Hversu vel svarar kennarinn tölvupósti?	78	55	19	7	8	6	167	4,12	1,31
Hversu ánægð(ur) ertu með glósur og gögn sem kennarinn sendir?	74	55	23	8	8	5	168	4,06	1,28
Hversu ánægð(ur) ertu með skil kennarans á verkefnum?	91	39	24	9	5	2	168	4,20	1,15
Hversu ánægð(ur) ertu með áfangann í heild?	84	46	29	6	6	2	171	4,14	1,13
Samtals	327	195	95	30	27	15		4,13	

Dagskóli

Samantekt um kennara	Fimmur	Fjarkar	Bristar	Tvennur	Ásar	EKKI	Fjöldi	Meðalt.	St.fráv.
Hvernig er samræmið milli kennslu og prófa/verkefna kennarans?	841	447	259	77	48	91	1672	4,16	1,37
Hvernig er kennarinn undirbúinn fyrir kennslustundir?	990	451	223	29	26	43	1719	4,36	1,10
Hversu ánægð(ur) ertu með viðleitni kennarans til að gera námið áhugavert?	765	450	329	117	89	0	1750	3,96	1,16
Hversu vel gengur kennaranum að hafa stjórn á órólegum nemendum?	843	464	310	86	51	0	1754	4,11	1,05
Hrósar kennarinn nemendum fyrir það sem vel er gert?	671	447	375	143	58	62	1694	3,90	1,32
Hversu ánægð(ur) ertu með leiðbeiningar og útskýringar kennarans?	804	488	288	101	70	0	1751	4,05	1,10
Fylgist kennarinn vel með vinnu nemenda?	763	516	343	90	39	0	1751	4,07	1,02
Er kennarinn stundvís?	1035	478	173	37	24	0	1747	4,40	0,86
Hvernig líður þér almennt í áfanganum?	858	490	294	68	43	0	1753	4,17	1,00
Ertu ánægð(ur) með áfangann í heild?	819	472	297	91	73	0	1752	4,06	1,10
Samtals	8389	4703	2891	839	521	196		4,13	

Samanburður viðhorfskannana frá vorönn 2003 til og með vorönn 2010 á skalanum 1-5

Ár	V'03	H'03	V'04	H'04	V'05	H'05*	V'06**	H'06	V'07	H'07	V'08	H'08	V'09	H'09	V'10	H'10	V'11
Dagskóli	4,16	4,05	4,11	4,18	4,17	3,77	4,03	4,05	4,01	4,10	4,04	4,15	4,20	4,05	4,13	4,17	4,13
Fjarnám							4,38	4,15	4,09	4,09	4,03	4,13	4,23	4,26	4,27	4,08	4,13

* Upphaf rafrænna kannanna

** Byrjað að leggja kennslumat fyrir í fjarnámi

Helstu niðurstöður

Eins og sést á samanburðinum er árangurinn góður og ekki virðist mikil breyting verða við að færa kennslumatið inn í tölvu þegar á heildina er litið. Þó sker ein önn sig úr, en það er fyrsta önnin sem kennslumatið er í tölvu. Það er erfitt að átta sig af hverju það var og kannski var það ókunnugleiki við nýjar aðferðir en þó er vandséð hvernig það skýrir lægri einkunnir.

Hafa verður í huga í samanburði að kannanir eru ekki alveg sammælanlegar. Spurningar breytast á milli ára, þó reynt sé að hafa þær eins sambærilegar og nokkur kostur er, og þátttaka er misgóð. Sú nýjung var tekin upp í fyrstu tölvukönnuninni að nemendur gátu skrifað athugasemdir um áfangana. Margir nýttu sér þann möguleika og voru athugasemdir í flestum tilfellum málefnalegar. Þessi nýjung mæltist mjög misjafnlega fyrir hjá kennurum og hafa sumir verið eindregið á móti því að leyfa þessar athugasemdir. Ekki hefur verið tekin endanleg niðurstaða um að breyta þessu.

Kannanir hafa nú verið lagðar fyrir á hverri önn síðan 1999 og komin dágóð reynsla. Almennt má segja að reynslan sé góð en spyrja má hvort nauðsynlegt er að gera svona kannanir á hverri önn. Þau rök hafa verið ofaná að þar sem sumir áfangar eru einungis kenndir aðra hverja önn sé nauðsynlegt að slík könnun fari fram á hverri önn. Framkvæmdin er tiltölulega auðveld, það sem þarf að stefna að er að þátttaka nemenda verði meiri.

Víst er að kannanir í svipaðri mynd eru komnar til að vera og geta veitt kennurum og stjórnendum ómetanlegar upplýsingar um skólastarfið og vísað veginn til framfara.

9.6. Viðhorf nemenda

Nemendur hafa ætíð verið virkir í umbótastarfi innan skólans. Nemendur eiga tvo fulltrúa í skólaráði, áheyrnarfulltrúa í skólanefnd svo og tvo fulltrúa í nýskipuðum stýrihópi vegna heilsueflandi framhaldsskóla. Reglulegir fundir eru með nemendum þar sem þeim gefst tækifæri til að koma athugasemdum sínum á framfæri við stjórnendur. T.d. má nefna að þriggja manna nefnd skipuð áfangastjóra, fjarvistastjóra og einum nemanda samdi núverandi skólasóknarreglur.

Fundagerðir opinna funda með stjórnendum og forystufólki í félagslífi eru settar á heimasíðu skólans. Slíkir fundir eru haldnir á hverri önn. Margar nýjungar í skólastarfi skólans og aðbúnaði nemenda eiga upphaf sitt á slíkum fundum. [Opinn fundur á haustönn 2010](#), [Opinn fundur á vorönn 2011](#).

9.7. Starfsmannasamtöl

Skólaárið 2010 – 2011 voru engin skipulögð starfsmannasamtöl eins og ráð var fyrir gert í sjálfsmatsáætluninni. Skýringin var sú að sökum mikils álags á starfsmenn skólans, sérstaklega kennslustjóra og verkefnastjóra, þótti ekki skynsamlegt að bæta þessum þætti við störf þeirra á vorönn 2011. Einnig má benda á að haustið 2010 tók við ný forysta, Þorsteinn Þorsteinsson sem hafði verið skólameistari frá stofnun skólans lét af störfum. Við tók Kristinn Þorsteinsson sem verið hafði aðstoðarskólameistari. Elísabet Siemsen sem hafði gegnt starfi áfangastjóra tók við starfi aðstoðarskólameistara og Snjólaug Elín Bjarnadóttir við starfi áfangastjóra. Í ljósi þessa varð niðurstaðan sú að fresta samtölunum, en það skal skýrt tekið fram að starfsmenn áttu nú sem fyrr greiða leið að stjórnendum og fengu eftir sem áður persónuleg viðtöl við skólameistara á vorönn þegar kennslukannanir voru afhentar.

9.8. Líðan starfsmanna

Líðan starfsmanna og möguleikar þeirra til vaxtar í starfi hefur ætíð verið mikilvægur þáttur í starfi Fjölbrautaskólans í Garðabæ. Margir hafa komið að því starfi, sérstakur gæðahópur hefur í gegnum árin haft þetta sem sérstakt verkefni og kannanir hafa verið gerðar. Skoðuð hefur t.d. verið andleg líðan manna, afstaða til mótuneytis hefur verið könnuð, sérstök hópeflisnámskeið hafa verið haldin og ekki má gleyma ýmsum styttri námskeiðum sem oft hafa haft það að leiðarljósi að hvetja starfsmenn til dáða. Skólaheimsóknir, innanlands sem utan, hópeflisferðir og fleira hefur þjappað hópnum saman. Síðustu ár hefur öflug öryggisnefnd starfað sem hefur verið mjög vakandi yfir aðbúnaði og hollustuháttum. Öryggisnefnd gerir áhættumat á ca. 2-3 anna fresti og skilar skýrslu þar um. Slík skýrsla var síðast gerð á síðasta skólaári. Þarfagreining var gerð á vorönn þar sem könnuð er þörf fyrir úrbætur á aðstöðu og fleiru hjá starfsmönnum. Ekki er talin þörf á því að gera þetta á hverju ári. Skólameistari hefur brugðist strax við ábendingum öryggisnefndar hverju sinni.

Stjórnendur líta svo á að jákvæðir og ánægðir starfsmenn séu mikill mannauður og allt það sem stuðlar að bættri líðan starfsmanna sé af hinu góða. Skólaárið 2010 – 2011 var ekki gerð nein sérstök könnun á líðan starfsmanna, en slíkar kannanir eru gerðar með jöfnu millibili. Hins vegar hefur starfsmannafélagið verið öflugt, boðið hefur verið uppá styttri skemmtiferðir, skemmtanir og ýmislegt sem hefur eflt samkennd og jákvæðni í starfsmannahópnum. Á skólaárinu fóru starfsmenn í skólaheimsókn til Skotlands sem tókst afar vel og var þátttaka góð. Með tilkomu áætlana varðandi jafnrétti, endurmenntun, einelti og stefnu í starfsmannamálum hefur Fjölbrautaskólinn í Garðabæ stigið mikilvægt skref til heilla fyrir starfsmenn.

9.9. Forvarnir

Forvarnafulltrúi hefur starfað við skólann frá árinu 1998 og haldið úti öflugu forvarnastarfi. Honum til halds og trausts er forvarnateymi, en í því eiga sæti einn fulltrúi stjórnenda, námsráðgjafar, forvarnafulltrúi og félagsráðunautur. Það er mikill styrkur fyrir þann sem gegnir starfi forvarnafulltrúa að hafa gott fólk með sér í helstu verkefni og hefur þetta fyrirkomulag ætíð gefist mjög vel. Meginmarkmið forvarnastefnu skólans er að stuðla að heilbrigðum lífsháttum án neyslu áfengis, tóbaks eða annarra vímuvaldandi efna. Forvarnafulltrúi er á dansleikjum og öðrum skemmtunum skólans og skipuleggur galadansleik fyrir útskriftarnema. Forvarnateymið fundar að jafnaði tvisvar í mánuði. Skólaárið 2010-2011 stóð undirbúningur sem hæst fyrirverkefninu heilsueflandi framhaldsskóli, forvarnafulltrúi leiddi það starf og er nú formaður stýrihóps verkefnisins.

9.10. Próf og prófagerð

Eitt af meginverkefnum sjálfsmatshóps á vorönn 2006 var að skipuleggja verkferla varðandi prófagerð og framkvæmd prófa. Þessari vinnu voru gerð góð skil í sjálfsmatsskýrslu skólans haustið 2007. Í ljósi reynslunnar hafa verið gerðar smávægilegar breytingar á verkferlunum og er þessi þáttur skólastarfsins mikilvægur í sjálfsmati Fjölbautaskólans í Garðabæ. Með öflugu eftirliti, jákvæðri aðkomu allra kennara, kennslustjóra og skólafulltrúa undir stjórn áfangastjóra er þessi þáttur skólastarfsins mikilvægur hluti sjálfsmats.

9.11. Kennsluáætlanir

Allengi hefur sú krafa verið gert til kennara að kennsluáætlun liggi fyrir í hverjum áfanga og henni verið komið til nemenda strax í fyrstu kennsluviku hverrar annar. Kennsluáætlanir skulu einnig settar á heimasíðu skólans (www.fg.is/kennsluaetlanir) svo og á námsnetið (<https://www.namsnet.is/fg/>). Þær kröfur eru gerðar að í kennsluáætlun komi fram fyrirkomulag námsmats, kennsluefni, kröfur um viðveru og allt það sem viðkemur áfanganum. Kennarar miða við staðlaða kennsluáætlun sem aðgengileg er kennurum á innra neti skólans. Með þessu fyrirkomulagi er innra eftirlit með uppbyggingu hvers áfanga, tryggt er að upplýsingar til nemenda komist strax til skila og efasemdir um ýmis atriði varðandi námsmat koma ekki upp. Kennsluáætlanir eru einnig aðgengilegar forráðamönnum sem þá eru betur upplýstir um uppbyggingu námsins.

9.12. Námsnetið

Notkun námsnetsins er orðinn fastur liður í starfi skólans. Notað er kerfið MySchool og hefur það hentað starfi skólans ágætlega. Kennarar setja þar inn kennsluáætlanir, verkefni, kennsluefni og fleira sem nýtist nemendum í náminu. Almenn notkun er mikil, þó hefur ekki verið gerð sérstök úttekt á notkuninni en í áætlun skólaársins 2011-2012 verður gerð tillaga um að slík úttekt fari fram.

9.13. Endurmenntun kennara

Í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ starfa mjög vel menntaðir kennarar. Í stofnanasamningi kennara og skólayfirvalda er menntun veigamikill þáttur í launum og mikilvægt er að hvatning til sí- og endurmenntunar er hluti samningsins. Endurmenntun kennara getur verið með ýmsu móti, skólinn stendur stundum sjálfur fyrir staðnámskeiðum sem þá eru hugsuð þvert á námsgreinar, allmargir kennarar skólans hafa tekið þátt í vettvangsnámi þar sem unnið er í samvinnu við kennara úr öðrum völdum skólum svo og taka kennarar þátt í námskeiðum á vegum fagfélaga.

9.14. Umsjónarkerfið

Undanfarin ár hefur verið unnið markvisst að því að efla umsjónarkerfið með það að markmiði að bæta skólasókn nemenda, auka upplýsingastreymi til þeirra og kenna þeim betur á áfangakerfið í heild. Með þessu móti teljum við meiri líkur á því að finna megi nemendur í vanda, nemendur sem ekki þrífast sem skyldi í skólakerfinu og/eða líður ekki vel. Starf umsjónarkennara var eftt til muna, greitt er sérstaklega fyrir aukna vinnu þeirra og einungis þeir kennarar sem þess óska taka að sér þetta starf. Umsjónarkennarinn hittir nemendur reglulega, aðstoðar þá við gerð námsáætlunar og fer í gegnum helstu reglur skólans með þeim. Námsráðgjafar og stjórnendur undirbúa fundi umsjónarkennara með nemendum. Reynslan af þessu starfi hefur að okkar mati skilað bættu skólastarfi og á skólaárinu 2010-2011 var kerfið eftt enn frekar. Þá var tekin upp sú nýbreytni að nýnemar voru settir í sér umsjónarhópa sem þá mynduðu n.k. bekkir. Hugmyndin er ekki ný af nálinni, í mörg ár hefur skólinn boðið upp á sérstaka þjónustu fyrir sterka nemendur, sk. HG-nemendur, sem eru í sér hópi frá byrjun. Segja má að sú reynsla sem hefur hlotist af starfi með HG-nemendurna hafi nú verið yfirfærð á alla nýnema skólans.

9.15. Námsráðgjöf

Tveir námsráðgjafar voru starfandi við skólann í 1,75 stöðugildum. Starf námsráðgjafa er mikilvægt, ekki síst hin síðari ár þegar þrengt hefur að hjá heimilum landsins. Námsráðgjafar veita persónuleg viðtöl við nemendur, skipuleggja með þeim námið auk þess sem þeir sitja í forvarnateymi skólans, skólaráði og sitja vikulega samráðsfundi stjórnenda. Ekki hefur verið gerð sérstök úttekt á stoðþjónustu skólans, þ.e. þjónustu námsráðgjafa, forvarnafulltrúa, bókasafni og skrifstofu, en að því þarf að stefna. Ekki síst þegar hafa ber í huga að nemendum með ýmsar greiningar (lesblindu, ADHD o.fl.) hefur fjölgað mjög í þjóðfélaginu og nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir hve stórt hlutfall nemenda á við námserfiðleika að stríða (prófkvíði, ýmis frávik o.fl.).

9.16. Samskipti við forráðamenn og heimili - könnun

Foreldraráð er starfandi við skólann (<http://www.fg.is/thjonusta/fyrir-forradamenn/>) sem skipað er 5 stjórnarmönnum. Ráðið heldur fræðslufundi í samráði við stjórn skólans svo og aðalfund ár hvert. Á vorönn var send út viðhorfskönnun til forráðamanna nemenda og eru niðurstöður birtar á heimasíðu skólans (http://www.fg.is/Files/Skra_0047803.pdf). Könnunin fór fram rafrænt í mars 2011 og var send á netföng forráðamanna. Þátttaka forráðamanna var góð. Foreldrar eru almennt ánægðir með þá þjónustu sem skólinn veitir, telja viðmót starfsmanna skólans gagnvart nemendum og forráðamönnum gott, námsaðstaðan góð svo og námsframboð. Á síðasta ári var útgáfu FG-frétta breytt þannig að nú er ritið einungis rafrænt og sent til forráðamanna mun oftast en áður var. Það er einnig sett á heimasíðu skólans. Ánægja er meðal forráðamanna með þessa skipan mála og meirihluti þeirra telja upplýsingar frá skólanum vera góðar. Það sem forráðamönnum finnst að mætti bæta eru t.d. matarmálin, þeir vilja að nemendum standi til bóta hollari matur. Fer þessi niðurstaða ágætlega við þá stefnu sem skólinn hefur sett að frá og með skólaárinu 2011-2012 er hann þátttakandi í verkefninu heilsueflandi framhaldsskóli. Eðlilega eru skiptar skoðanir meðal forráðamanna um hin ýmsu mál en mikill meirihluti er ánægður með það starf sem hér fer fram og margt af því sem þeir telja að mætti betur fara má skýra í þeim breytingum sem fylgja því að færast frá grunnskóla yfir í framhaldsskóla, t.d. hvað varðar forfallakennslu. Slíkar kannanir eru nauðsynlegt aðhald fyrir skólann og mikilvægar í umbótastarfi hans.

9.17. Skýrslur kennslustjóra

Starf kennslustjóra hefur verið eftir síðustu ár, gerð kennsluáætlana í einstökum námsáföngum eru gerðar undir þeirra stjórn, ábyrgð á prófagerð svo og eftirlit með kennsluháttum. Kennslustjórar hafa einnig annast starfsmannaviðtöl í sínum deildum þó svo ekki hafi unnist tími til þess á skólaárinu eins og vikið er að í þessari skýrslu. Þróunin hefur verið sú að fækka frekar kennslustjórum en gera starfið viðameira. Með ráðningu verkefnastjóra hafa fundir kennslustjóra þetta skólaár mikið snúist um nýja námskrá enda starfið viðamikil og mikilvægt. Kennslustjórar hittast reglulega á fundum og eiga fulltrúa á samráðsfundum stjórnenda sem haldnir eru í hverri viku.

Kennslustjórar skila skýrslum til aðstoðarskólameistara í lok hvers skólaárs og svo var einnig að loknu skólaárinu 2010-2011. Farið er yfir skýrslurnar og þær vistaðar á innra neti skólans. Þessar skýrslur mætti nota mun betur og verður sú tillaga gerð í sjálfsmatsáætlun skólaársins 2011-2012 að skýrslurnar verði lesnar saman við einkunnadreifingu einstakra áfanga og skoðað verði hvað hafi gengið vel og hvað mætti betur fara. Kennarar myndu leita skýringa á því af hverju sveiflur verði í einkunnum, hefur t.d. verið skipt um námsefni, hefur kennarahópurinn breyst, voru nemendur sterkari námsmenn þetta árið, og svo mætti lengi telja. Þarna eru verðmætar upplýsingar sem mætti nýta mun betur en nú er gert.

Skýrslur kennslustjóra eru ólíkar að gerð og gæðum. Uppi voru hugmyndir um að staðla þær að einhverju leyti til að samanburður yrði auðveldari en horfið var frá þeirri hugmynd. Kennslustjórar skólaársins 2010-2011 komu frá eftirfarandi deildum:

- Íslenskudeild
- Deild erlendra tungumála utan ensku
- Enskudeild
- Listgreinum
- Raungreinum
- Stærðfræði
- Íþróttum
- Félagsgreinum
- Viðskiptagreinum
- Starfsbraut
- Fjarnámi
- Leikskólabrú

Skýrslurnar eru samantekt hvers kennslustjóra á skýrslum einstakra kennara í deildunum og þar má lesa hvernig starfið gekk á önninni, hvort námsefni hafi hentað, hvaða kennsluhættir voru ástundaðir, námsárangur nemenda tilgreindur svo og hvað mætti betur fara. Þetta skólaár hafði skólameistari boðað að sérstök áhersla yrði sett á ritun í öllum greinum. Skýrslurnar voru lesnar yfir með sérstöku tilliti til þessa. Að vissu leyti olli það vonbrigðum að ritun var ekki sérstaklega nefnd í öllum skýrslum og þyrfti að skoða það sérstaklega. Skýrslurnar eru mikilvægar upplýsingar sem mætti nota á mun skilvirkari hátt en nú er. Lagt verður til í sjálfsmatsáætlun skólaársins 2011-2012 að skýrslurnar verði lesnar í þaula og þær notaðar til að bæta skólstarfið.

10. LOKAORÐ

Í úttektum mennta- og menningarmálaráðuneytisins á sjálfsmatsaðferðum framhaldsskóla eru tíu atriði lögð til grundvallar sem viðmið. Við teljum þær aðferðir sem beitt er hér við sjálfsmatið uppfylla þessi atriði:

- Í skýrslu þessari kemur fram að sjálfsmatið er **formlegt**, þ.e. fyrir liggur sjálfsmatsáætlun þar sem skýrt kemur fram hverjir skipuleggja og framkvæma matið og hvað er skoðað hverju sinni.
- Sjálfsmatið nær til allra helstu þátta skólstarfsins enda mjög viðamikíð. Nemendur, stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn skólans koma með einum eða öðrum hætti að sjálfsmatinu (**altækt**).
- Áreiðanleiki þeirra gagna sem unnið er byggist á því að upplýsingar eru teknar úr bókhaldi skólans, námsferilsskrá, fjarvistaskrá og fleiri tölulegum gögnum sem í raun eru prófuð á marga vegu (**áreiðanlegt**).
- Eins og áður sagði koma allir með einum eða öðrum hætti að sjálfsmatinu (**samstarfsmiðað**), verkaskipting er skýr svo og hver ber ábyrgð á hverjum matsþætti (sjá yfirlit sjálfsmats).

- Markmið sjálfsmats er ekki aðeins að uppfylla lög heldur og að gera gott starf betra (**umbótamiðað**). Velferð og líðan allra sem hér vinna, bæði nemenda og starfsmanna er stór þáttur í sjálfsmati skólans. Öryggisnefnd skólans er öflug og sívakandi yfir aðstöðu og hollustuháttum svo og skal ekki vanmeta hlutverk starfsmannafélags á svo stórum vinnustað. Á heimasíðu skólans eru birtar áætlanir um hvaðeina sem skiptir máli í sambandi við líðan þeirra sem hér vinna, s.s. eins og jafnréttisáætlun, áætlun um vörn gegn einelti, svo og er skólinn með starfsmannastefnu og umhverfisstefnu.
- Deilimarkmið sem farið er reglulega yfir gefa yfirsýn yfir hvort markmiðum skólans hafi verið náð (**árangursmiðað**).
- Ljóst er að sjálfsmatið beinist bæði að stofnuninni sjálfri (þ.e. með því að skoða og efla námsárangur, kennsluhætti) og einstaklingum innan hennar (menntun kennara, vellíðan nemenda og starfsmanna) (**stofnana- og einstaklingsmiðað**).
- Tilgangur alls sjálfsmats er að vera bæði **lýsandi** og **greinandi**, sjálfsmatsskýrsla segir ekkert ef lýsing á starfseminni fylgir ekki og ef yfirsýnina vantar og ef menn missa sjónar á því hvað er vel gert og hvað má betur fara þá hefur slík skýrsla lítið vægi.
- Að lokum skal þess getið að skýrslan verður sett á vef skólans og uppfyllir þar með síðasta viðmið ráðuneytisins, þ.e. að vera **opinber**.

Sjálfsmat er mikilvægur þáttur í starfsemi Fjölbrautaskólans í Garðabæ eins og lög gera ráð fyrir. Í svo viðamikilli starfsemi eins og starfsemi framhaldsskóla er nauðsynlegt að meðvitað sé fylgst með einstökum þáttum, þeir vegnir og metnir með það að leiðarljósi að gera enn betur. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að sífellt eru fleiri atriði sem áhugi er á að skoða. Sjálfsmatsferlið er orðið þróaðra, áætlun um sjálfsmat hverju sinni varðar veginn og reynt er að láta sem flesta í skólasamfélaginu koma að því. Skólaárið 2010-2011 voru fastir liðir eins og kennslukönnun, forvarnir, próf og prófagerð svo og kennsluáætlanir á sínum stað en aukin áhersla var á innleiðingu nýrrar námskrár, skipulagningu nýrra áfangalýsinga. Um leið kallar það á mikla sjálfsskoðun í öllum námsgreinum, spurningar eins og: Hvers vegna kennum við þetta? Er þetta vænlegt til árangurs? Eru kröfur til nemenda sanngjarnar? koma fram og starfsmenn fara í gegnum slíkt ferli þvert á námsgreinar og jafnvel starfsheiti. Skólinn hefur allengi verið í nánu samstarfi við Garðaskóla um fyrirkomulag sveigjanlegra skólaskila og í þeim tilgangi að efla þessi tengsl og bæta við öðrum skólum í nærumhverfinu sem nú bjóða upp á kennslu í 10.bekk var boðið til fundar með hlutaðeigandi kennurum á báðum skólastigum. Farið var í gegnum helstu breytingar sem verða á námskránni og ekki síður leitað eftir hugmyndum frá kennurum grunnskólanna varðandi undirbúning nemenda. Slíkir fundir eru mikilvægir fyrir bæði skólastigin og mun skólinn áfram boða til slíkra funda.

Öllum þeim sem tóku þátt í sjálfsmati skólans skólaárið 2010-2011 með einum eða öðrum hætti er þakkað fyrir mikilvægt og gefandi starf í þágu Fjölbrautaskólans í Garðabæ.

Garðabæ, 22.október 2011,

Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari